



# SKÝRSLA PENINGASTEFNUNEFNDAR TIL ALÞINGIS

2019•1



# Skýrsla peningastefnunefndar til Alþingis

## 9. ágúst 2019

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands skuli gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvívar á ári og að ræða skuli efni skýrlunnar í þeirri þingnefnd sem þingforseti ákveður.

Lögin kveða svo á að peningastefnunefnd haldi fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Frá því að síðasta skýrsla var send Alþingi hefur nefndin haldið fjóra reglulega fundi, síðast 26. júní 2019. Eftirfarandi skýrsla fjallar um störf nefndarinnar frá janúar til júní 2019.

### Mótun peningastefnunnar

Eins og kveðið er á um í lögum um Seðlabanka Íslands er meginmarkmið peningastefnunnar að stuðla að stöðugu verðlagi. Þetta markmið er útfært nánar sem 2½% verðbólgyrkjum miðað við vísitölu neysluverðs í sameiginlegri yfirlýsingu Seðlabankans og ríkistjórnar frá 27. mars 2001. Peningastefnunefnd tekur samkvæmt lögnum ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum og skulu ákvarðanir nefndarinnar byggðar á ítarlegu og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahagsmálum eins og það birtist í riti Seðlabankans, *Peningamálum*. Í yfirlýsingum og fundargerðum peningastefnunefndar, sem fylgja þessari skýrslu, er að finna röksemdir fyrir ákvörðunum nefndarinnar á fyrrí hluta ársins 2019.

### Þróunin frá janúar til júní 2019

Peningastefnunefnd hélt vöxtum bankans óbreyttum á fundum sínum í febrúar og mars en ákvað á fundi sínum í maí að lækka meginvexti bankans (vexti á sjö daga bundnum innlánnum) um 0,5 prósentur í 4%.<sup>1</sup> Fram að því höfðu vextir bankans verið óbreyttir frá því í nóvember 2018. Á júnifundi sínum ákvað nefndin síðan að lækka vexti um 0,25 prósentur í viðbót og voru meginvextir bankans því 3,75% í lok júní.

Í byrjun mars var bindihlutfall hinnar sérstöku bindiskyldu á innflæði erlends gjaldeyrir lækkað í 0% samhliða því að frumvarp um losun síðasta hluta aflandskrónueigna var samþykkt á Alþingi.<sup>2</sup>

1. Hér er átt við þá vexti sem skipta meginmáli fyrir skammtímavexti á markaði og mæla því best aðhaldsslig peningastefnunnar. Þeir vextir eru nú vextir bankans á sjö daga bundnum innlánnum.
2. Í júní 2016 tók Seðlabankinn í notkun sérstakt fjárvælastíði sem fóll í sér að 40% af nýju innflæði erlends gjaldeyrir vegna fjárfestingar í rafrænt skráðum skuldabréfum og viðlum útgefnum í krónum og hávaxtannæðum voru bundin á vaxtalauðum reikningi í Seðlabankanum í eitt ár.


Tafla 1. Vaxtaákvvarðanir Seðlabanka Íslands á fyrrí árshelmingi 2019 (%)

Dags.	Viðskiptareikningar	Bundin innlán til 7 daga	Veðlán	Daglán
26. júní	3,50	3,75	4,50	5,50
22. maí	3,75	4,00	4,75	5,75
20. mars	4,25	4,50	5,25	6,25
6. febrúar	4,25	4,50	5,25	6,25

Mynd 1

Meginvextir Seðlabanka Íslands<sup>1</sup>

Daglegar tölur 3. janúar 2001 - 28. júní 2019



1. Meginvextir Seðlabankans eru vextir á 7 daga veðlánum fram til 31. mars 2009, vextir á viðskiptareikningum innlánsteftirnum í Seðlabankanum frá 1. apríl 2009 til 30. september 2009, meðaltal vaxta á viðskiptareikningunum og á 28 daga innstæðubréfum frá 1. október 2009 til 20. maí 2014 og vextir á 7 daga bundnum innlánum frá 21. maí 2014.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2

Raunvextir Seðlabanka Íslands<sup>1</sup>

Janúar 2010 - júní 2019




1. Fram til maí 2014 er miðað við meðaltal innlánsvaxta og hámarks-vaxta á innstæðubréfum með 28 daga binditíma sem meginvexti bankans en frá maí 2014 er miðað við 7 daga bundina innlánna. 2. Fram til janúar 2012 er miðað við 12 mánaða verðbólgu, verðbólgyvæntingar fyrirteki til eins árs, verðbólgyvæntingar heimila til eins árs, verðbólgu-álag á fjármálamarkaði og spá Seðlabankans um ársverðbólgu eftir fjárhálfárinu. Þá er miðað við 12 mánaða verðbólgyvæntingar markaðsáala til eins árs samkvæmt ársfjöldungslagi könum Seðlabankans. Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 3

### Ávoxtunarkrafa skuldabréfa


Daglegar tölur 2. janúar 2009 - 28. júní 2019



Mynd 4

### Fjármagnsflæði vegna skráðrar nýfjárfestingar

Janúar 2015 - júní 2019




1. Annað innflæði í mars 2017 kemur nánast að öllu leyti til vegna kaupa erlendra aðila á eignarhlut í innlendum viðskiptabanka.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 5

### Gengi krónu og gengisflökt

Daglegar tölur 4. janúar 2010 - 28. júní 2019



1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum. Vinstri ár er andhverfur þannig að styrking krónunnar kemur fram sem hækkan ferilsins. 2. Flökt krónu er 3 mánaða staðalfrávirk daglegra breytinga.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Hlutfallið hafði verið lækkað í 20% í nóvember 2018 en ávallt var stefnt að því að lækka bindihlutfallið í 0% þegar aðstæður leyfðu og að fjárstremistækið yrði að jafnaði ekki virkt. Vaxtamunur hafði minnkað undangengin misseri og gengið lækkað og var að mati nefndarmanna líklega undir jafnvægisgildi sínu. Einnig hafði orðið við-snúningur á fjármagnsstraumum til og frá landinu á fjórða ársfjórðungi í fyrra þegar mældist í fyrsta sinn hreint útflæði vegna nýfjárfestingar. Likur á umtalsverðu innflæði sem leiddi til ofriss krónunnar og alvarlegrar truflunar í miðlunarferli peningastefnunnar höfðu því minnkað.

Taumhald peningastefnunnar, mælt með raunvöxtum Seðlabankans, jókst lítillega frá árslokum 2018 fram í maí þegar það slaknaði á ný í kjölfar vaxtalækkunar bankans. Miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs voru raunvextir bankans 0,5% í lok júní en voru 0,7% í lok desember sl. Raunvextir bankans miðað við tólf mánaða verðbólgu lækkuðu um 0,3 prósentur á sama tíma og voru 0,4% í lok júní.

Ávoxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa tók að lækka undir lok síðasta árs og hélt sú þróun áfram á fyrri hluta þessa árs. Vextir á tíu ára skuldabréfum voru um 3,9% í lok júní sem er um 1,6 prósentum lægra en þeir voru í árslok 2018. Langtímaxextir hafa ekki verið svo lágar síðan vaxtamynundun var gefin frjáls á níunda áratug síðstu aldar. Verðtryggðir langtímaxextir hafa einnig lækkað og eru í sögulegu lágmarki. Ávoxtunarkrafa lengstu verðtryggðu bréfa ríkissjóðs var um 1% í lok júní eða um 0,6 prósentum lægri en í desember sl.

Innstreymi fjármagns vegna nýfjárfestingar var tæplega 50 ma.kr. á fyrri helmingi ársins sem er rúmlega 20 ma.kr. meira en á sama tímabili í fyrra. Útflæði fjármagns sem áður kom inn sem nýfjárfesting nam tæplega 24 ma.kr. Nýfjárfesting á innlendum skuldabréfamarkaði jókst eftir lækkun hinnar sérstöku bindiskyldu á innflæði erlends gjaldeyrис í 0% í mars en er þó enn tiltölulega lítil. Innstreymi í skráð hlutabréf, sem félí ekki undir bindiskylduna, jókst frá seinni hluta síðasta árs og útflæði fjármagns hefur aukist á sama tíma.

Gengi krónunnar hélst tiltölulega stöðugt á fyrri hluta ársins eftir lækkun sl. haust. Upphof lækkunarferilsins sl. haust má rekja til fréttu um fjármögnumnarvanda flugfélagsins Wow Air en við bættist aukin svartsýni um efnahagshorfur og vaxandi áhyggjur af niðurstöðu komandi kjarasamninga. Litlar breytingar urðu á gengi krónunnar við endanlegt fall WOW Air í lok mars og virðist sem áhrif gjaldþrofs félagsins hafi þegar verið verðlögd inn í gengi krónunnar. Lækkun bindiskyldu á innstreymi erlends fjármagns og undirritun kjarasamninga studdi einnig við gengið. Útflæði á gjaldeyrismarkaði í kjölfar samþykktar Alþingis um losun síðasta hluta aflandskrónueigna í byrjun mars hefur enn sem komið er verið minna en vænta mátti auk þess sem innflæði vegna nýfjárfestingar hefur vegið á móti. Í lok júní var gengi krónunnar um 6½% lægra en í árslok 2018.

Í takt við yfirlýst markmið Seðlabankans um að beita inngrípum til að draga úr óhóflegum skammtímasveiflum í gengi krónunnar átti bankinn viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri í tíu skipti á fyrri hluta ársins. Hluti inngrípanna tengist útflæði aflandskróna enda telur nefndin ekki eðlilegt að úrlausn slíks fortíðarvanda sem tengist ekki núverandi undirliggjandi efnahagsaðstæðum lækki gengi krónunnar.

Bankinn seldi gjaldeyri fyrir um 12 ma.kr. á tímabilinu og nam hlutur hans um 11% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Verðbólga hjaðnaði á fyrsta fjórðungi þessa árs eftir að hafa aukist hratt undir lok síðasta árs og mældist 3,7% í desember sl. Hún mældist 3,3% í júní og hafði verðhækkun almennrar þjónustu og eldsneytis mest áhrif á þróun vísitölu neysluverðs á fyrri hluta ársins. Ársverðbólga án húsnæðis hefur hins vegar aukist frá lokum síðasta árs og mældist 3% í júní en munurinn á verðbólgu með og án húsnæðis hefur minnkað verulega frá því á sama tíma fyrir ári. Undirliggjandi verðbólga var 3,3% í júní miðað við miðgildi ólíkra mælikvarða og hefur þróast með áþekkum hætti og mæld verðbólga.

Afram dró úr framlagi húsnæðis til verðbólgu og mældist árhækkun húsnæðisverðs á öllu landinu 4,2% í júní samanborið við 6,9% í lok síðasta árs. Í kjölfar nokkurrar verðhækkunar innfluttrar vöru á seinni hluta síðasta árs dró úr áhrifum gengislækkunar krónunnar á innflutningsverð á fyrsta ársfjórðungi. Fyrirtæki virðast enn sem komið er ekki hafa velt gengislækkun krónunnar að fullu út í verðlag sem endurspeglar líklega aukna samkeppni, hægari vöxt innlendar aftirspurnar, minni verðbólgu í helstu viðskiptalöndum og lækkun verðbólguvæntinga.

Verðbólga mældist að meðaltali 3,4% á öðrum fjórðungi ársins sem er í takt við það sem gert var ráð fyrir í grunnsþá Seðlabankans sem birt var í *Peningamálum* 22. maí sl. Samkvæmt spánni er talið að verðbólga hjaðni er líður á árið og verði komin í verðbólguumarkmiðið um mitt næsta ár.


Verðbólguvæntingar hækkuðu þegar leið á árið 2018 og taldi peningastefnunefnd það, ásamt því að þær væru yfir verðbólguumarkmiðinu á alla mælikvarða, vera áhyggjuefni. Þær hafa hins vegar lækkað á flesta mælikvarða síðan síðasta skýrsla peningastefnunefndar var send Alþingi í janúar sl. Samkvæmt nýlegum könnunum búast markaðsaðilar og stjórnendur fyrirtækja við að verðbólga verði 3% eftir eitt ár. Verðbólguvæntingar heimila til eins árs eru 4% og hafa verið óbreyttar síðan í nóvember 2018. Langtíma verðbólguvæntingar hafa lækkað á alla mælikvarða á fyrri hluta ársins. Langtíma væntingar markaðsaðila samkvæmt könnunum og verðlagningu skuldabréfa eru nánast í markmiði en langtíma væntingar heimila og fyrirtækja eru yfir markmiði. Markaðsaðilar búast við að verðbólga verði að meðaltali 2,8% á næstu fimm árum og 2,7% á næstu tíu árum en heimili og stjórnendur fyrirtækja vænta að verðbólga verði að meðaltali 3-3,5% á næstu fimm árum. Í lok júní mældist verðbólguálag til fimm og tíu ára um 2,8% sem var riflega 1 prósentu lægra en í lok desember sl.

Að mati peningastefnunefndar eru horfur á efnahagssamdrætti í ár og sá viðsnúningur í efnahagsmálum sem í því felst gerir það að verkum að verðbólguhorfur hafa breyst nokkuð á skömmum tíma. Fram kom í umræðum á maifundinum, þegar nefndin ákvað að lækka vexti, að svigrúm peningastefnunnar til að mæta efnahagssamdrættinum er töluvert, sérstaklega ef fer sem horfir og verðbólga og verðbólguvæntingar haldast við markmið.

Að mati nefndarmanna mun peningastefnan á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagsumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

Mynd 6

Mæld og undirliggjandi verðbólga<sup>1</sup>  
Janúar 2013 - júní 2019




1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavistölu (áhrif óbeinna skatta, sveifukenndra matvörlunda, bensins, opinberra þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfraðilegum maliekivörðum (vegið miðgildi, klippit meðaltal, kvítt þáttalikan og sameiginlegu þáttur vísitölu neysluverðs).

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 7

Innlend og innflutt verðbólga<sup>1</sup>  
Janúar 2013 - júní 2019




1. Innflutt verðbólga er nálgð með verði innfluttrar mat- og drykkjarvörur, nýrra bíla og varahluta, bensins og annarrar innfluttrar vöru.

Tölur í svigum sýna númerandi vægi viðkomandi liða í vísitölu neysluverðs.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd 8

Verðbólguvæntingar  
1. ársfj. 2013 - 2. ársfj. 2019



Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands.

## Ítarefni

Með þessari skýrslu fylgir eftirfarandi ítarefni:

1. Yfirlýsingar peningastefnunefndar frá janúar til júní 2019.
2. Fundargerðir peningastefnunefndar frá janúar til júní 2019.
3. Erindi aðalhagfræðings Seðlabankans um kjarasamninga, peningastefnu og þjóðarbúskapinn hjá Ríkissáttasemjara 17. janúar 2019.
4. Fréttatilkynning um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum - losun fjármagnshafta á aflandskrónueigendur og lækkun sérstakrar bindiskyldu á fjármagnsinnstreymi 4. mars 2019.
5. Fréttatilkynning um nýjar reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris og meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum 5. mars 2019.
6. Fréttatilkynning um breytingar á reglum um gjaldeyrismál – losun takmarkana á fjármagnshreyfingar milli landa vegna lækkunar á bindingarhlutfalli 2. apríl 2019.
7. Fréttatilkynning um breytingar á reglum um veðhæf bréf 27. maí 2019.
8. Erindi seðlabankastjóra um lánamál ríkissjóða á ráðstefnu í Höru 5. júní 2019.
9. Erindi seðlabankastjóra um þróun efnahagsmála síðastliðin tíu ár hjá Rótaryklubbi Reykjavíkur 26. júní 2019.
10. Yfirlýsing ríkisstjórnar og Seðlabanka um verðbólgu markmið, mars 2001.

Fyrir hönd peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands,



Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri og formaður peningastefnunefndar

## Yfirlit yfir fylgiskjöl

	Bls.
Yfirlýsing peningastefnunefndar 6. febrúar 2019	8
Yfirlýsing peningastefnunefndar 20. mars 2019	9
Yfirlýsing peningastefnunefndar 22. maí 2019	10
Yfirlýsing peningastefnunefndar 26. júní 2019	11
Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, febrúar 2019	12
Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, mars 2019	19
Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, maí 2019	26
Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, júní 2019	34
Kjarasamningar, peningastefnan og þjóðarbúskapurinn	40
Losun fjármagnshafta á aflandskrónueigendur og lækkun sérstakrar bindiskyldu á fjármagnsinnstreymi	50
Nýjar reglur um bindingu reiðufjár og meðferð krónueigna	52
Breytingar á reglum um gjaldeyrismál – Losun takmarkana á fjármagnshreyfingar milli landa vegna lækkunar á bindingarhlutfalli	53
Breytingar á reglum um veðhæf bréf	55
Post-Crisis Recovery, Resilience Building and Policy Reforms in Iceland	56
Tíu árum seinna: hvar stöndum við?	67
Yfirlýsing um verðbólgu markmið og breytta gengisstefnu	77

## Yfirlýsing peningastefnunefndar 6. febrúar 2019

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda vöxtum bankans óbreyttum. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því áfram 4,5%.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt er í febrúarhefti *Peningamála* er gert ráð fyrir að töluvert hægi á hagvexti í ár og að hann verði 1,8%. Þetta er um 1 prósentu minni vöxtur en bankinn gerði ráð fyrir í nóvember og gangi það eftir yrði það minnsti hagvöxtur sem mælst hefur frá árinu 2012. Hægari vöxtur stafar einkum af samdrætti í ferðaþjónustu. Horfur eru því á að spenna í þjóðarbúskapnum minnki hraðar en áður var talið.

Verðbólga jókst eftir því sem leið á síðasta ár og mældist 3,7% í desember sl. Áhrif hækkunar innflutningsverðs vegna gengislækkunar krónunnar á haustmánuðum síðasta árs vega þar þyngst. Þótt verðbólga hafi minnkað í 3,4% í janúar og gengi krónunnar hækkað frá desemberfundi peningastefnunefndar eru horfur á að verðbólga aukist fram eftir ári og verði yfir markmiði fram á seinni hluta næsta árs.

Verðbólguvæntingar markaðsaðila og verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hafa lækkað frá desemberfundinum. Taumhald peningastefnunnar, eins og það mælist í raunvöxtum Seðlabankans, hefur því aukist á ný.

Peningastefnan mun á næstunni ráðast af sampili minni spennu í þjóðarbúskapnum, launaákvarðana og þróunar verðbólgu og verðbólguvæntinga.

Peningastefnunefnd ítrekar að hún hefur bæði vilja og þau tæki sem þarf til að halda verðbólgu og verðbólguvæntingum við markmið til lengri tíma litid. Það gæti kallað á harðara taumhald peningastefnunnar á komandi mánuðum. Aðrar ákvarðanir, einkum á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum, munu skipta miklu um hvort svo verður og hafa áhrif á hversu mikill fornarkostnaður verður í lægra atvinnustigi.

## Yfirlýsing peningastefnunefndar 20. mars 2019

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda vöxtum bankans óbreyttum. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því áfram 4,5%.

Samkvæmt nýlega birtum þjóðhagsreikningum hægði nokkuð á hagvexti á seinni hluta síðasta árs frá því sem hann hafði verið á fyrri hluta ársins. Hagvöxtur var 4,6% á árinu öllu en í febrúarspá sinni hafði Seðlabankinn gert ráð fyrir að hann yrði 4,3%. Nýlegar vísbendingar um efnahagsumsvif og af vinnumarkaði benda til þess að spenna í þjóðarbúskapnum haldi áfram að minnka.

Verðbólga var 3% í febrúar og hefur hjaðnað frá því í desember sl. þegar hún mældist 3,7%. Vegur þar þyngst að dregið hefur úr áhrifum hækunar innflutningsverðs vegna gengislækkunar krónunnar á haustmánuðum síðasta árs og að framlag húsnæðis til verðbólgu hefur minnkað. Gengi krónunnar hefur hækkað um tæplega 3% frá febrúarfundi peningastefnunefndar. Enn er þó líklegt að verðbólga aukist eitthvað fram eftir ári en hvað verður er háð niðurstöðu kjarasamninga sem ekki liggur fyrir.

Langtíma verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja hafa hækkað en verðbólguálag á skuldabréfamarkaði lækkað. Á alla mælikvarða eru langtíma verðbólguvæntingar enn yfir verðbólgu markmiðinu. Væntingar um verðbólgu til skamms tíma hafa lítið breyst frá síðasta fundi peningastefnunefndar og því er taumhald peningastefnunnar, eins og það mælist í raunvöxtum Seðlabankans, óbreytt frá fyrri fundi.

Peningastefnan mun á næstunni ráðast af samspili minni spennu í þjóðarbúskapnum, launaákvæðana og þróunar verðbólgu og verðbólguvæntinga.

Peningastefnunefnd ítrekar að hún hefur bæði vilja og þau tæki sem þarf til að halda verðbólgu og verðbólguvæntingum við markmið til lengri tíma litid. Það gæti kallað á harðara taumhald peningastefnunnar á komandi mánuðum. Aðrar ákvæðanir, einkum á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum, munu skipta miklu um hvort svo verður og hafa áhrif á hversu mikill fornarkostnaður verður í lægra atvinnustigi.

## Yfirlýsing peningastefnunefndar 22. maí 2019

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því 4%.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt er í maíhefti *Peningamála* hafa hagvaxtarhorfur breyst verulega frá síðustu spá bankans. Í stað 1,8% hagvaxtar á þessu ári eins og gert var ráð fyrir í febrúar er nú spáð 0,4% samdrætti. Þessi umskipti stafa einkum af samdrætti í ferðaþjónustu og minni útflutningi sjávarafurða vegna loðnubrests. Af þessum sökum mun framleiðsluspenna snúast í slaka á næstunni.

Verðbólga var 3,1% á fyrsta fjórðungi ársins en jókst í 3,3% í apríl. Undirliggjandi verðbólga hefur þróast með áþekkum hætti og munurinn milli mælikvarða á verðbólgu með og án húsnæðis hefur ekki verið minni frá haustinu 2013. Gengi krónunnar hefur haldist tiltölulega stöðugt það sem af er ári en áhrif lækkunar þess sl. haust á verðbólgu hafa enn sem komið er verið minni en vænst var. Viðsnúningur í efnahagsmálum gerir það að verkum að verðbólguhorfur hafa breyst nokkuð á skömmum tíma og gerir spá bankans ráð fyrir að verðbólga nái hámarki í 3,4% um mitt ár en hjaðni í verðbólgygmarkmið um mitt næsta ár.

Þótt nýgerðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði feli í sér myndarlegar launahækkanir var niðurstaða þeirra í betra samræmi við verðbólgygmarkmiðið en margir bjuggust við. Verðbólgyvæntingar hafa því lækkað á ný en þær hækkuðu umtalsvert er leið á síðasta ár. Langtímaverðbólgyvæntingar á markaði eru nú komnar undir 3%.

Samdráttur í þjóðarbúskapnum mun reyna á heimili og fyrirtæki en viðnámsþróttur þjóðarbúsins er umtalsvert meiri nú en áður. Svigrúm peningastefnunnar til að mæta efnahagssamdrættinum er einnig tölувert, sérstaklega ef fer sem horfir og verðbólga og verðbólgyvæntingar haldast við verðbólgygmarkmið. Þá munu boðaðar aðgerðir stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga leggjast á sömu sveif.

Peningastefnan mun á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagsumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólgyvæntinga hins vegar.

## Yfirlýsing peningastefnunefndar 26. júní 2019

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því 3,75%.

Nýjustu upplýsingar um þróun efnahagsmála breyta ekki því mati á efnahagshorfum sem lá fyrir á síðasta fundi peningastefnunefndar. Hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi var í takt við maíspá Seðlabankans og áfram er gert ráð fyrir samdrætti í þjóðarbúskapnum sem mun birtast frekar á komandi mánuðum. Kröftugri einkaneysla á fyrsta fjórðungi og leiðandi vísbendingar gætu þó bent til þess að undirliggjandi þróttur innlendrar eftirsprungar hafi verið meiri en talið var. Á móti eru horfur á að samdráttur í ferðaþjónustu verði meiri.

Verðbólga hefur enn sem komið er verið í samræmi við síðustu spá Seðlabankans en samkvæmt spánni hefur hún náð hámarki og mun hjaðna í átt að markmiði þegar líður á árið. Frekari lækkun gengis krónunnar gæti þó sett strik í þann reikning. Verðbólguvæntingar hafa lækkað frá því sem þær voru í kringum síðasta fund nefndarinnar. Taumhald peningastefnunnar hefur því aukist á ný.

Samdráttur í þjóðarbúskapnum mun reyna á heimili og fyrirtæki en viðnámsþróttur þjóðarbúsins er umtalsvert meiri nú en áður. Svigrúm peningastefnunnar til að mæta efnahagssamdrættinum er einnig töluvert, sérstaklega ef fer sem horfir og verðbólga og verðbólguvæntingar haldast við verðbólgu markmið. Þá mun boðuð slökun í aðhaldi ríkisfjármála leggjast á sömu sveif.

Peningastefnan mun á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagssumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.



## Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands

### Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Febrúar 2019 (82. fundur)

Birt: 20. febrúar 2019

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við löginn hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 4. og 5. febrúar 2019, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, vaxtaákvörðunina 6. febrúar og kynningu þeirrar ákvörðunar.

### I þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlenden þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá vaxtaákvörðun nefndarinnar 12. desember 2018 og uppfærðri spá í *Peningamálum* 2019/1 hinn 6. febrúar.

### Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í desember hækkaði gengi krónunnar um 1,8% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Á sama tímabili hækkaði það um 2,3% gagnvart evru, 2,7% gagnvart Bandaríkjadal en lækkaði um 0,5% gagnvart bresku pundi. Á milli funda seldi Seðlabankinn gjaldeyri fyrir um 33 m. evra (4,5 ma.kr.) en keypti gjaldeyri fyrir tæplega 3 m. evra (0,4 ma.kr.), hrein gjaldeyrissala bankans nam því um 30 m. evra (4,1 ma.kr.). Hlutur Seðlabankans nam um 13% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans hafði aukist lítillega frá desemberfundi nefndarinnar miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs. Á þennan mælikvarða voru raunvextir bankans 0,9% eða 0,1 prósentu hærri en eftir desemberfund nefndarinnar. Miðað við ársverðbólgu voru þeir 1,1% og höfðu lækkað um 0,1 prósentu milli funda.

Vextir á millibankamarkaði með krónur voru nánast óbreyttir á milli funda en velta á markaðnum nam 2 ma.kr. á tímabilinu.

Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði lækkað um 0,4 prósentur frá desemberfundi nefndarinnar og krafa lengri verðtryggðra ríkis- og íbúðabréfa lækkað um 0,1 prósentu. Óverðtryggðir fastir meðalvextir sjóðfélagalána lífeyrissjóða og húsnaðislána voru óbreyttir frá desemberfundi nefndarinnar en óverðtryggðir breytilegir meðalvextir sjóðfélagalána höfðu hækkað um 0,6 prósentur. Á sama tímabili höfðu fastir meðalvextir verðtryggðra íbúðalána og breytilegir meðalvextir verðtryggðra sjóðfélagalána lækkað lítillega.

Miðað við þriggja mánaða millibankavexti var vaxtamunur gagnvart evrusvæðinu nánast óbreyttur á milli funda og mældist 5,2 prósentur en hafði hækkað lítillega gagnvart Bandaríkjum og mældist 2,2 prósentur. Langtíma vaxtamunur gagnvart Þýskalandi hafði lækkað um 0,3 prósentur milli funda og var 5,1 prósenta og hafði lækkað um 0,2 prósentur gagnvart Bandaríkjum og var 2,5 prósentur.

Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs höfðu hækkað lítillega frá desemberfundi nefndarinnar. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadölum var rúmlega 0,5% og vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldabréfum 0,6-0,7 prósentur.

Greiningardeildir fjármálfyrirtækja væntu óbreyttra vaxta. Vísuðu þær m.a. til hægari efnahagsumsvifa á komandi misserum, að raunvextir bankans væru lítið breyttir frá síðasta fundi nefndarinnar og að verðbólguvæntingar hefðu heldur hækkað.

Markaðsaðilar bjuggust flestir við því að meginvöxtum Seðlabankans yrði haldið óbreyttum í 4,5% á fyrsta ársfjórðungi samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans sem var framkvæmd í janúar sl. Þeir bjuggust hins vegar við 0,25 prósentna hækkun vaxta á öðrum fjórðungi og vænta þess jafnframt að vextir verði 4,75% eftir eitt ár en verði aftur komnir í 4,5% eftir tvö ár. Í könnuninni töldu 24% svarenda taumhald peningastefnunnar vera of laust um þessar mundir sem er lægra hlutfall en í síðustu könnun. Um 57% svarenda töldu taumhaldið hæfilegt samanborið við 48% í síðustu könnun. Hlutfall þeirra sem töldu taumhaldið of þétt mælist 19% og hækkaði úr 12% í októberkönnun bankans.

Árvöxtur víðs peningamagns (M3) var tæplega 7½% í desember sé leiðrétt fyrir innlánum fallinna fjármálfyrirtækja sem er minni vöxtur en undanfarna mánuði. Vöxturinn helgast sem fyrr að stærstum hluta af meiri innlánnum heimila en hlutdeild atvinnufyrirtækja í vextinum hefur einnig aukist. Leiðrétt fyrir áhrifum skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda má áætla að útlánastofn lánakerfisins til innlendra aðila hafi stækkað um 9½% að nafnvirði í desember en sé stofn lána í erlendum gjaldmiðlum reiknaður á föstu gengi stækkaði stofninn um rúmlega 8%. Á sama tíma jukust útlán til heimila um 8% milli ára og útlán til atvinnufyrirtækja um rúmlega 11% en sé tekið tillit til gengisbreytinga var vöxturinn um 8%.

Úrvalsvítsala Kauphallarinnar, OMXI8, hækkaði um 4,6% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 492 ma.kr. árið 2018 sem er um 22% minni velta en árið á undan.

## Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti

Samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem birt var í janúar sl. hafa horfur í heimsbúskapnum versnað enn frekar frá októberspá sjóðsins. Gert er ráð fyrir 3,5% hagvexti í heiminum í ár og 3,6% á því næsta sem er 0,1-0,2 prósentum minni hagvöxtur en spáð var í október. Búist er við minni hagvexti í þróuðum ríkjum á þessu ári sem skýrist að mestu leyti af verri horfum á evrusvæðinu. Hagvaxtarhorfur eru hins vegar óbreyttar í Bandaríkjum og einnig í Bretlandi

en veruleg óvissa ríkir um horfurnar í Bretlandi sakir mikillar óvissu um hvernig útgöngu þeirra úr Evrópusambandinu verður háttað. Þá spáir sjóðurinn einnig hægari hagvexti í nýmarkaðs- og þróunarríkjum á þessu ári en gert var ráð fyrir í október. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur áfram meiri líkur á að hagvexti sé ofspáð einkum vegna hættu á að alþjóðlegar viðskiptadeilur magnist enn frekar. Gerir hann ráð fyrir enn hægari vexti alþjóðaviðskipta í þróuðum ríkjum á þessu ári og því næsta en hann gerði í október. Horfur fyrir nýmarkaðs- og þróunarríki hafa hins vegar breyst minna. Spáð er að verðbólga meðal þroaðra ríkja verði 1,7% í ár sem er um 0,2 prósentum minni verðbólga en gert var ráð fyrir í október. Horfurnar fyrir næsta ár eru hins vegar óbreyttar.

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam 11 ma.kr. í desember sl. og um 191 ma.kr. (á föstu gengi) á árinu 2018 í heild samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Hallinn í fyrra var því 7,5 ma.kr. minni en á árinu 2017. Verðmæti vöruútflutnings jókst um riflega 10% milli ára í fyrra en verðmæti innflutnings um liðlega 7%. Aukinn útflutning á síðasta ári má einkum rekja til aukningar í sjávarafurðum og iðnaðarvörum en aukið innflutningsverðmæti stafar einkum af auknu verðmæti eldsneytis og smurolíu auk hrá- og rekstrarvöru.

Miðað við skráð heimsmarkaðsverð lækkaði álverð um tæplega 3% milli funda peningastefnunefndar og var liðlega 14% lægra en á sama tíma í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstunnar benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi hækkað um 4,8% milli ára í fyrra. Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði um rúmlega 3% milli funda peningastefnunefndar og var um 62 Bandaríkjadalir á tunnu í byrjun febrúar. Olíuverð var þó um 9% lægra á febrúarfundinum en það var á sama tíma í fyrra og riflega fjórðungi lægra en það fór hvað hæst í byrjun október í fyrra.

Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag hækkaði um 0,6% milli mánaða í janúar en lækkaði um 8,3% frá fyrra ári. Raungengið í janúar var um 10% yfir 25 ára sögulegu meðaltali en um 14,4% undir því sem það fór hæst í júní 2017. Á þennan sama mælikvarða lækkaði raungengið um 2,9% milli ára í fyrra. Lækkunina má að mestu rekja til 3,8% lækkunar nafngengis krónu en verðbólga hér á landi var um 0,7 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

## Innlendir þjóðarbúskapur og verðbólga

Samkvæmt Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands (VMK) fjölgæði heildarvinnustundum um 2,5% milli ára á síðasta ársfjórðungi í fyrra. Fjölgæði störfum um 2,3% frá fyrra ári og meðalvinnuvikan lengdist lítillega. Áfram hefur hægt á fjölgun starfandi fólks samkvæmt staðgreiðsluskrá en á þriðja fjórðungi í fyrra fjölgæði því um 2,3% milli ára. Atvinnubáttaka á síðasta fjórðungi ársins 2018 var tæplega 1 prósentu minni en á sama fjórðungi árið 2017 og hlutfall starfandi lækkaði um 0,5 prósentur á sama tíma. Á árinu í heild voru bæði hlutföll um 1 prósentu lægri en þau voru á árinu 2017.

Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi mældist 2,8% á síðasta fjórðungi í fyrra og jókst lítillega frá fyrra fjórðungi þótt það hafi minnkað um 0,4 prósentur frá fyrra ári. Á árinu 2018 mældist atvinnuleysi 2,7% og var því 0,1 prósentu minna en á árinu á undan. Skráð atvinnuleysi hafði hins vegar aukist um 0,5 prósentur milli ára á síðasta fjórðungi í fyrra og um 0,2 prósentur á árinu í heild. Um  $\frac{3}{5}$  hlutar aukningarinnar skýrast af fjölgun erlendra ríkisborgara á atvinnuleysiskrá. Þar sem svarhlutfall útlendinga sem hér starfa hefur farið lækkandi í VMK gæti verið að könnunin nái ekki að mæla þann viðsnuning sem kemur fram í skráðu atvinnuleysi.

Aðfluttum erlendum ríkisborgurum á aldrinum 20-59 ára fjölgæði umfram brottflutta um 0,4% af mannfjölda á síðasta fjórðungi ársins 2018. Á árinu í heild fjölgæði erlendum ríkisborgurum um 3,1% af mannfjölda og er það næstmesta fjölgun sem mælst hefur á einu ári. Fjöldi virkra

starfsmanna á vegum starfsmannaleigna og erlendra þjónustufyrirtækja var á bilinu 0,8-0,9% af vinnuaflinu á fyrstu ellefu mánuðum ársins í fyrra en lækkaði í 0,7% í desember.

Launavísitalan stóð nánast í stað milli mánaða í desember en hafði hækkað um 6% frá desembermánuði fyrra árs. Raunlaun voru 2,2% hærri í mánuðinum en á sama tíma árið 2017. Launavísitalan hækkaði um 6,5% milli ársmeðaltala í fyrra og raunlaun hækkuðu um 3,7%.

Helstu vísbendingar um þróun einkaneyslu á fjórða fjórðungi 2018 benda til þess að nokkuð hafi hægt á eftirspurn heimila. Þannig dró verulega úr vexti greiðslukortaveltu og fækken varð í nýskráningum bifreiða. Væntingavísitala Gallup hækkaði í janúar annan mánuðinn í röð og mældist 93,7 stig. Hún mældist þó umtalsvert lægri en á sama tíma fyrir ári.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í janúar, hækkaði um 0,3% milli mánaða að teknu tilliti til árstíðar og um 6% frá fyrra ári. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 0,3% milli mánaða í desember þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðarsveiflu en um 5,9% milli ára. Árshækkun íbúðaverðs hefur því heldur aukist frá því í október þegar hún var um 4%. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fjölgæði um 4,8% milli ára í fyrra og var meðalsolutími íbúða á höfuðborgarsvæðinu um 1,6 mánuðir í desember í fyrra samanborið við 2,4 mánuði í desember 2017.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,74% milli mánaða í desember 2018 og jókst ársverðbólga í 3,7%. Hún hjaðnaði hins vegar á ný í janúar þegar vísitalan lækkaði um 0,41% milli mánaða og var 3,4% eða 0,1 prósentu meiri en á síðasta fundi nefndarinnar. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hafði hækkað um 2,6% frá janúar í fyrra. Hefur munurinn á milli verðbólgu með og án húsnæðis ekki verið minni síðan haustið 2013. Undirliggjandi verðbólga var 3,4% eins og mæld verðbólga í janúar samkvæmt miðgildi ólíkra mælikvarða og hafði aukist um 1,4 prósentur frá sama tíma í fyrra.

Vetrarútsölur höfðu töluverð áhrif í verðmælingu janúarmánaðar ásamt verðlækkun nýrra bíla en árstíðarbundin hækken opinberrar þjónustu vó á móti. Flugfargjöld til útlanda lækkuðu um 6% milli mánaða og voru 5,7% lægri en fyrir ári. Dregið hefur úr árslækkuninni en hún var að meðaltali 12% á seinni hluta síðasta árs.

Samkvæmt könnun Seðlabankans sem gerð var í janúar lækkuðu skammtíma verðbólguvæntingar markaðsaðila lítillega milli kannana og bjuggust þeir við því að verðbólga verði 3,5% eftir eitt ár og 3% eftir tvö ár. Langtíma verðbólguvæntingar þeirra lækkuðu einnig og gerðu þeir ráð fyrir að verðbólga verði um 2,8% að meðaltali á næstu fimm og tíu árum. Það er 0,2 prósentna lækkun frá síðustu könnun en samsvarandi hækken frá sama tíma í fyrra. Verðbólguálag á skuldbréfamarkaði hefur einnig lækkað að undanförnu. Á lagið til fimm og tíu ára var 3,5% rétt fyrir fund nefndarinnar og hafði lækkað um u.p.b. 0,4 prósentur frá desemberfundinum en var 0,3-0,5 prósentum hærra en fyrir ári.

## Samantekt úr *Peningamálum* 2019/1

Samkvæmt spánni sem birtist í *Peningamálum* 6. febrúar 2019 er útlit fyrir meiri verðbólgu á þessu og næsta ári en spáð var í nóvember. Verðbólga hefur aukist nokkuð undanfarið og mældist 3,4% í janúar en var 2,4% í janúar í fyrra. Undirliggjandi verðbólga hefur aukist með samsvarandi hætti. Langtíma verðbólguvæntingar hafa hins vegar lækkað frá því í nóvember þótt þær séu enn yfir verðbólgu markmiðinu. Horfur eru á að verðbólga haldi áfram að aukast, nái hámarki í 3,8% á þriðja ársfjórðungi og verði um eða yfir 3% fram á mitt næsta ár en verði komin í grennd við markmið á ný undir lok ársins. Verri verðbólguhorfur má fyrst og fremst rekja

til lægra gengis krónunnar en gert var ráð fyrir í nóvember þótt á móti vegi minni framleiðsluspenna og lægra olíuverð.

Þróun ytri skilyrða þjóðarbúskaparins hefur verið lakari en áætlað var í síðustu spá bankans og er útlit fyrir minni hagvoxt á heimsvísu en þá var búist við. Viðskiptakjör rýrnuðu meira í fyrra en gert var ráð fyrir í nóvember þrátt fyrir að mikil hækkun olíuverðs framan af síðasta ári hafi gengið til baka undir lok ársins. Gengi krónunnar hækkaði á ný undir lok síðasta árs eftir mikla gengislækkun sl. haust en sú hækkun gekk að töluverðu leyti til baka fljótlega eftir áramót.

Talið er að hagvoxtur hafi verið 4,3% á síðasta ári. Horfur eru á að það hægi töluvert á hagvexti í ár og að hann verði einungis 1,8% sem yrði þá minnsti hagvoxtur hér á landi frá árinu 2012. Þetta eru jafnframt mun lakari horfur en búist var við í nóvember. Vísbendingar eru um að töluvert hafi hægt á vexti ferðaþjónustu og að útflutningur þjónustu dragist saman í ár í fyrsta sinn frá árinu 2008. Hægari útflutningsvoxtur leggst því á sömu sveif og horfur um heldur hægari vöxt þjóðarútgjalsa. Líkt og í nóvember er gert ráð fyrir að hagvoxtur á næstu tveimur árum verði nálægt 2¾% á ári.

Forsendur um launaþróun á næstu misserum hafa lítið breyst frá því í nóvember. Endurskoðun á hagvaxtarhorfum felur hins vegar í sér að nú eru horfur á heldur hægari framleiðnivexti og því hækkar launakostnaður á framleidda einingu meira í ár en spáð var í nóvember. Talið er að hækkinin verði tæplega 6% í ár sem er svipuð hækkun og í fyrra en að hún verði í takt við verðbólgu markmið bankans í lok spátímans.

Hægt hefur á fjölgun starfa og ráðningaráform fyrirtækja benda til að þeim gæti fækkað á fyrri hluta ársins. Vísbendingar eru því um minnkandi áraun á innlenda framleiðslubætti og er talið að framleiðsluspenna verði í meginatriðum horfin undir lok næsta árs sem er fyrr en áður hafði verið áætlað.

## II Vaxtaákvörðunin

Seðlabankastjóri fjallaði um stöðu frumvarps um losun síðasta hluta aflandskrónueigna sem lokuðust inni við innleiðingu fjármagnshafta í kjölfar fjármálakreppunnar. Nefndarmenn ræddu einnig inngrípastefnuna en eins og kom fram í greinargerð Seðlabankans um viðbrögð við hluta tillagna starfshóps um ramma peningastefnunnar mun bankinn setja á stofn vinnuhóp sem mun skila peningastefnunefnd tillögum varðandi stefnuna um inngríp á gjaldeyrismarkaði og miðlun upplýsinga um framkvæmd hennar. Nefndin ræddi í því sambandi inngrípin á gjaldeyrismarkaði undanfarna mánuði og markmið inngrípastefnunnar.

Nefndin ræddi hina sérstöku bindiskylju á fjármagnsinnstreymi og hvort forsendur væru að færast nær því að bindihlutfallið yrði lækkað frekar eða fært niður í náll þegar aflandskrónur yrðu losaðar samkvæmt fyrilliggjandi frumvarpi. Rökin fyrir því væru m.a. þau að vaxtamunur hefði minnkað og gengið hefði lækkað að undanförnu og er að mati nefndarmanna líklega undir jafnvægisgildi sínu. Viðsnúningur hefði einnig orðið á fjármagnsstraumum til og frá landinu á fjórða ársfjórðungi í fyrra þegar mældist í fyrsta sinn hreint útflæði vegna nýfjárfestingar. Einnig hefði ávallt verið stefnt að því að lækka bindihlutfallið í náll þegar aðstæður leyfðu og að fjárstremistækið yrði að jafnaði ekki virkt. Sérstaka bindiskyljan yrði þá í þriðju línu stjórntækja á eftir hefðbundinni hagstjórn og eindar- og þjóðhagsvarúðarstefnu eins og alltaf var að stefnt. Það væri hins vegar nauðsynlegt að geta virkjað sérstöku bindiskylduna með skömmum fyrirvara til þess að styðja við peningastefnu og þjóðhagsvarúð þegar hætta eykst á óhóflegu fjármagnsinnstreymi tengdu vaxtamunarviðskiptum. Fram kom í umræðunni það sjónarmið að það væri áhyggjuefni ef frjálst innflæði fjármagns myndi leiða til óhóflegs innflæðis sem gæti á

ný veikt miðlun peningastefnunnar um vaxtafarveginn. Hætta væri þá á að miðluninni yrði beint um ófyrirsjánlegan gengisfarveg sem gæti um leið kyst undir þjóðhagslegt og fjármálalegt ójafnvægi. Bent var á að innlendur gjaldeyrismarkaður væri lítill og að það þyrfti ekki mikil til þess að hafa töliverð áhrif á miðlunarferlið. Nefndarmenn voru hins vegar sammála um að ekki væri heldur ráðlegt að gengisfarvegurinn væri óvirkur þar sem hann væri mikilvægur hluti miðlunarferlisins og án hans væri dregið úr slagkrafti peningastefnunnar. Á það var einnig bent að hægt yrði að virkja fjárstreymistækið með skömmum fyrirvara ef aðstæður breyttust hratt. Nefndin var sammála um að nú hefðu aðstæður hins vegar þróast á þann veg að hægt væri að taka næstu skref við að draga úr sérstöku bindiskyldunni.

Nefndin fjallaði einnig um almennu bindiskylduna en á fundi sínum í desember sl. var rætt að mögulega væri að myndast tilefni til að hækka hana í ljósi aukins útlánavaxtar að undanförnu. Nefndin veitti því athygli að útlánavaxtur hefði vissulega aukist nokkuð en sem hlutfall af landsframleiðslu hefði útlánastofninn lítið breyst frá árinu 2016 og var nefndin sammála um að vöxturinn væri ekki orðinn óhóflegur. Þar að auki hefði Fjármálaeftirlitið nýlega tekið ákvörðun um að hækka sveiflujöfnunarauka á innlendar áhættuskuldbindingar fjármálfyrirtækja í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá desember 2018. Það gæti í einhverjum mæli dregið úr útlánaaukningu í framhaldinu miðað við það sem ella hefði orðið. Því var ekki talin ástæða til að hækka hana sem stendur en áfram yrði fylgst náið með þróuninni.

Nefndarmenn ræddu taumhald peningastefnunnar í ljósi nýjustu upplýsinga um framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans höfðu hækkað lítillega milli funda. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en á fundinum í desember hafði nefndin ákveðið að halda vöxtum óbreyttum m.a. í ljósi þess að vísbendingar væru um að spennan í þjóðarbúskapnum héldi áfram að minnka, hægt hefði á lækkun gengis krónunnar og lækkun verðbólguvæntinga frá síðasta fundi væri fyrst og fremst bundin við skammtímavæntingar.

Nefndarmenn tóku í því sambandi mið af uppfærðri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birtist í *Peningamálum* 6. febrúar en samkvæmt henni væri gert ráð fyrir að tölувart hægði á hagvexti í ár og að hann yrði 1,8%. Nefndin veitti því athygli að þetta væri um 1 prósentu minni vöxtur en bankinn gerði ráð fyrir í nóvember og gengi það eftir yrði það minnsti hagvöxtur sem mælst hefði frá árinu 2012. Voru nefndarmenn sammála um að hægari vöxtur stafaði einkum af samdrætti í ferðaþjónustu og að horfur væru á því að spenna í þjóðarbúskapnum minnkaði hraðar en áður var talið.

Nefndin ræddi verðbólguþróunina en verðbólga jókst eftir því sem leið á síðasta ár og mældist 3,7% í desember sl. Nefndarmenn tóku mið af því að áhrif hækkunar innflutningsverðs vegna gengislækkunar krónunnar á haustmánuðum síðasta árs vógu þar þyngr. Þótt verðbólga hefði minnkað í 3,4% í janúar og gengi krónunnar hækkað frá desemberfundi peningastefnunefndar horfðu nefndarmenn til þess að horfur væru á að verðbólga myndi aukast fram eftir ári og yrði yfir markmiði fram á seinni hluta næsta árs. Hins vegar veittu nefndarmenn því athygli að verðbólguvæntingar markaðsaðila og verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefðu lækkað frá desemberfundinum. Taumhald peningastefnunnar, eins og það mældist í raunvöxtum Seðlabankans, hefði því aukist á ný.

Nefndin ræddi þá möguleika að halda vöxtum óbreyttum eða hækka vexti um 0,25 prósentur. Helstu rökin fyrir því að hafa óbreytta vexti voru þau að horfur væru á að framleiðsluspennan minnkaði hraðar en áður var talið. Bent var á að flestar hátiðnivísbendingar og væntingakannanir legðust á sömu sveif með horfum um minni hagvöxt í ár en áður var gert ráð fyrir. Jafnframt var rætt að ef kæmi til verkfalla gæti það leitt til hraðrar kólunar í þjóðarbúskapnum. Þau myndu t.d. koma hart niður á ferðaþjónustunni. Fram kom í umræðunni

að jákvætt væri að langtíma verðbólguvæntingar hefðu þokast niður á við frá desemberfundí nefndarinnar og taumhald peningastefnunnar því aukist lítillega.

Helstu rökin fyrir því að hækka vexti voru hins vegar þau að verðbólga væri nokkuð yfir markmiði og verðbólguhorfur hefðu versnað. Bent var á að þótt langtíma verðbólguvæntingar hefðu lækkað væri áhyggjuefni að væntingar væru yfir markmiði á alla mælikvarða. Þótt hluti aukningar verðbólgu undanfarna mánuði væri vegna áhrifa af gengislækkuninni væri hættan sú að hún hefði annarrar umferðar áhrif. Ef ekki yrði brugðist við þeim gæti það haft áhrif á kjölfestu verðbólguvæntinga og trúverðugleika peningastefnunnar. Fram kom í umræðunni að hætta væri á að niðurstöður kjarasamninga yrðu ekki í samræmi við verðbólgu markmiðið en einnig að mögulegt útspil ríkisstjórnarinnar í tengslum við þá yrði ekki fjármagnað að fullu og gæti haft í för með sér að það slaknaði á aðhaldi ríkisfjármála. Staðan væri því sú að peningastefnunefnd þyrfti að vega saman áhrif hægari hagvaxtar og meiri verðbólgu en eins og ávallt við skilyrði óvissu um mat á spennunni í þjóðarbúskapnum.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánum, yrðu 4,5%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 4,25%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 5,25% og daglánavextir 6,25%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Að mati nefndarmanna myndi peningastefnan á næstunni ráðast af samspili minni spennu í þjóðarbúskapnum, launaákvarðana og þróunar verðbólgu og verðbólguvæntinga.

Nefndin ítrekaði að hún hefði bæði vilja og þau tæki sem þyrfti til að halda verðbólgu og verðbólguvætingum við markmið til lengri tíma litið og var sammála um að það gæti kallað á harðara taumhald peningastefnunnar á komandi mánuðum. Aðrar ákvarðanir, einkum á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum, myndu skipta miklu um hvort svo yrði og hefðu áhrif á hversu mikill fórnarkostnaður yrði í lægra atvinnustigi.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Áslaug Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 20. mars 2019.



## *Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands*

### **Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands**

Mars 2019 (83. fundur)

Birt: 3. apríl 2019

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við löginn hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 18. og 19. mars 2019, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, vaxtaákvörðunina 20. mars og kynningu þeirrar ákvörðunar.

### **I Þróun í efnahags- og peningamálum**

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlenden þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá vaxtaákvörðun nefndarinnar 6. febrúar 2019.

### **Fjármálamarkaðir**

Frá fundi peningastefnunefndar í febrúar hækkaði gengi krónunnar um 2,9% gagnvart viðskiptaveginni gengisvíslölu. Á sama tímabili hækkaði það um 3,2% gagnvart evru, 2,7% gagnvart Bandaríkjadal og um 0,6% gagnvart bresku pundi. Á milli funda seldi Seðlabankinn gjaldeyri fyrir tæplega 18 m. evra (2,5 ma.kr.). Hlutur Seðlabankans nam um 9% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans var óbreytt frá febrúarfundi nefndarinnar miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs. Á þennan mælikvarða voru raunvextir bankans 0,9%. Miðað við ársverðbólgu voru þeir 1,5% og höfðu hækkað um 0,4 prósentur milli funda.

Vextir á millibankamarkaði með krónur voru nánast óbreyttir á milli funda en velta á markaðnum nam 17 ma.kr. á tímabilinu.

Ávöxtunarkrafalengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði lækkað um 0,4 prósentur frá febrúarfundi nefndarinnar og krafa lengri verðtryggðra ríkis- og íbúðabréfa lækkað um 0,2-0,4 prósentur. Óverðtryggðir meðalvextir húsnæðislána og sjóðfélagalána lífeyrissjóða voru nánast óbreyttir frá febrúarfundi nefndarinnar. Á sama tímabili höfðu fastir meðalvextir verðtryggðra íbúðalána og breytilegir meðalvextir verðtryggðra sjóðfélagalána lækkað lítillega.

Miðað við þriggja mánaða millibankavexti hafði vaxtamunur aukist lítillega á milli funda og mældist 5,3 prósentur gagnvart evrusvæðinu og 2,4 prósentur gagnvart Bandaríkjum. Langtíma vaxtamunur gagnvart þýskalandi hafði minnkað um 0,3 prósentur milli funda og var 4,7 prósentur og hafði minnkað um 0,3 prósentur gagnvart Bandaríkjum og var 2,2 prósentur.

Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs höfðu þróast með ólíkum hætti frá febrúarfundi nefndarinnar. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadölum hækkaði og var tæplega 0,8% en vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldbréfum lækkaði lítillega og var 0,5-0,6 prósentur.

Greiningardeildir fjármálfyrirtækja væntu þess að peningastefnunefnd héldi vöxtum óbreyttum. Vísuðu þær m.a. til hægari efnahagsumsvifa á komandi misserum, að raunvextir bankans væru lítið breyttir frá síðasta fundi nefndarinnar og að verðbólguhorfur hefðu heldur batnað.

Árs vöxtur víðs peningamagns (M3) var rúmlega 7½% í janúar sé leiðrétt fyrir innlánnum fallinna fjármálfyrirtækja sem er minni vöxtur en var síðasta haust. Vöxturinn helgast sem fyrr að stærstum hluta af meiri innlánnum heimila en hlutdeild atvinnufyrirtækja í vextinum hefur einnig aukist. Leiðrétt fyrir áhrifum skuldalækkunaraðgerða stjórvalda má áætla að útlánastofn lánakerfisins til innlendra aðila hafi stækkað um 10% að nafnvirði í janúar frá fyrra ári en sé stofn lána í erlendum gjaldmiðlum reiknaður á föstu gengi stækkaði stofninn um rúmlega 9%. Á sama tíma jukust útlán til heimila um 8½% milli ára og útlán til atvinnufyrirtækja um tæplega 13% en sé tekið tillit til gengisbreytinga var vöxturinn um 10%.

Úrvalsvíspitala Kauphallarinnar, OMXI8, hækkaði um 11,7% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 85 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er um 22% minni velta miðað við árið á undan.

### **Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti**

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam 15,3 ma.kr. í febrúar samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands sem er nánast óbreytt frá sama tíma í fyrra (á föstu gengi). Hallinn á fyrstu tveimur mánuðum ársins var þó einungis 8,2 ma.kr. samanborið við 18,4 ma.kr. halla á sama tíma í fyrra. Verðmæti vöruútflutnings var nánast óbreytt á fyrstu tveimur mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en verðmæti innflutnings dróst saman um 8,3%. Minni innflutningur skýrist einkum af minni innflutningi á flutningatækjum en einnig á eldsneyti og smurolíum.

Miðað við skráð heimsmarkaðsverð hækkaði álverð um liðlega 1% milli funda peningastefnunefndar en var tæplega 8% lægra en á sama tíma í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofunnar benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi hækkað um 5,5% milli ára í janúar sl. Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði um liðlega 9% milli funda og var riflega 67 Bandaríkjadalir á tunnu rétt fyrir fund nefndarinnar eða tæplega 4% hærra en það var á sama tíma í fyrra. Verðið var þó enn um fjórðungi lægra en það fór hvað hæst í byrjun október sl.

Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag hækkaði um 0,8% milli mánaða í febrúar og var því 11,4% yfir 25 ára sögulegu meðaltali en um 13,2% undir því sem það fór hæst í júní 2017. Á fyrstu tveimur mánuðum ársins var raungengi á þennan mælikvarða um 8% lægra en á sama tímabili í fyrra og má rekja lækkunina til 9,6% lækkunar nafngengis krónu en verðbólga hér á landi var um 1,8 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

### Innlendir þjóðarbúskapur og verðbólga

Samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í mars var hagvöxtur 4% á fjórða ársfjórðungi 2018 en þjóðarútgjöld jukust um 4,1% milli ára á fjórðungnum. Útflutningur minnkaði um 5,9% milli ára en það má rekja til 11,4% samdráttar í þjónustuútflutningi. Á sama tíma minnkaði innflutningur um 6% en framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var neikvætt um sem nemur 0,1 prósentu. Hagvöxtur á árinu í heild nam 4,6% þar sem þjóðarútgjöld jukust um 4,1% og framlag utanríkisviðskipta nam 0,7 prósentum. Vöxtur útflutnings á árinu var 1,6% en samdráttur í vöruiinnflutningi leiddi til þess að innflutningur í heild stóð svo til í stað á árinu. Hagvöxtur ársins var 0,3 prósentum meiri en gert var ráð fyrir í febrúarspá *Peningamála*. Þar munaði mest um framlag utanríkisviðskipta sem var 0,3 prósentum meira en spáð var. Vöxtur þjóðarútgjalda var hins vegar á heildina litið í takt við spána.

Viðskiptajöfnuður var jákvæður um 0,3 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Það er minni afgangur en á sama ársfjórðungi 2017 þegar hann var 6,7 ma.kr. Minni afgangur nú skýrist af minni afgangi á þjónustuviðskiptum. Á móti var halli á vöruskiptum minni og afgangur á jöfnuði frumpáttatekna og rekstrarframlaga meiri. Afgangur á viðskiptajöfnuði nam um 81,5 ma.kr. á árinu í heild í fyrra eða sem nemur 2,9% af landsframleiðslu. Það er minni afgangur en á árinu 2017 þegar hann var 3,6% af landsframleiðslu og sá minnsti í sex ár. Afgangur á þjónustuviðskiptum dróst saman milli ára en á móti var halli á vöruskiptum minni sem og halli frumpáttatekna og rekstrarframlaga.

Helstu vísbendingar um þróun einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi gefa til kynna að áfram hafi dregið úr vexti hennar og að vöxturinn verði hægari á þessu ári en hann var lengst af á síðasta ári. Væntingavísitala Gallup mældist 90,3 stig í febrúar en eftir mikla lækkun á seinni hluta síðasta árs hefur vísitalan heldur hækkað í upphafi ársins þótt hún mælist enn lægri en hún var á sama tíma fyrir ári.

Samkvæmt niðurstöðum vorkönnunar Gallup sem framkvæmd var í febrúar meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins voru viðhorf fyrirtækja til núverandi efnahagsaðstæðna hvorki jákvæð né neikvæð og lakari en í vetrarkönnuninni og á sama tíma fyrir ári. Viðhorf stjórnenda til horfa á næstu sex mánuðum voru þó heldur jákvæðari en í vetrarkönnuninni en neikvæðari en í vorkönnuninni fyrir ári. Um 42% stjórnenda töldu núverandi aðstæður hvorki góðar né slæmar og um 32% töldu þær slæmar. Horft til næstu sex mánaða töldu um 60% stjórnenda að aðstæður í efnahagslifinu myndu versna og um þriðjungur að þær yrðu hvorki betri né verri. Um 7,5% stjórnenda töldu að aðstæður yrðu betri eftir sex mánuði. Svartsýnum stjórnendum hefur því fækkað lítillega frá því í vetur þegar riflega  $\frac{1}{3}$  stjórnenda töldu að aðstæður myndu versna en fjölgar tölувert frá því í vorkönnuninni í fyrra þegar um 30% stjórnenda voru sömu skoðunar. Viðhorf stjórnenda til innlendar eftirspurnar bötnuðu einnig lítillega frá vetrarkönnuninni en voru verri en fyrir ári. Væntingar stjórnenda fyrirtækja í iðnaði og ýmissi sérhæfðri þjónustu um þróun innlendar eftirspurnar bötnuðu mest frá vetrarkönnuninni. Viðhorf til erlendar eftirspurnar hafa litið breyst frá því í maí 2018 en um helmingur stjórnenda telur að erlend eftirspurn muni standa í stað á næstu sex mánuðum.

Samkvæmt könnuninni töldu rúmlega 36% fyrirtækja að hlutfall hagnaðar fyrirtækisins af veltu árið 2019 yrði svipað og í fyrra en um 2 prósentum fleiri töldu að hagnaðurinn myndi minnka samanborið við haustkönnunina. Vega þar þyngst væntingar stjórnenda í samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu, byggingastarfsemi og verslun. Viðhorf til rekstrarhorfa voru einnig nokkru neikvæðari en í haustkönnuninni í öllum geirum að undanskildum iðnaði og framleiðslu.

Samkvæmt árstíðarleiðréttum niðurstöðum vorkönnunarinnar vildu 14% fyrirtækja fjölgat starfsfólki en um 23% vildu fækka. Munurinn var því neikvæður um 9 prósentur samanborið við tæplega 19 prósentur í vetrarkönnuninni. Toluverður viðsnuningur hefur þó orðið frá vorkönnun fyrra árs þegar hann var jákvæður um 16 prósentur. Mestrar svartsýni gætti í samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu þar sem munurinn var neikvæður um 25 prósentur en aðeins var útlit fyrir lítillega fjölgun starfsfólks í byggingastarfsemi og veitum og í ýmissi sérhæfðri þjónustu.

Sé leiðrétt fyrir árstíðarsveiflu töldu 12% fyrirtækja vera skort á starfsfólki. Hlutfallið var 6 prósentum lægra en í vetrarkönnuninni og 21 prósentu lægra en í vorkönnun fyrra árs. Um 30% stjórnenda í byggingastarfsemi og veitum töldu vera skort á starfsfólki en í sjávarútvegi var sama hlutfall lægst, aðeins um 5%. Í öðrum atvinnugreinum var hlutfallið á bilinu 7-22%.

Um 38% stjórnenda töldu fyrirtæki sitt eiga í vandræðum með að mæta óvæntri eftirspurn, sé litið framhjá árstíðarsveiflu. Hlutfallið var því lítillega lægra en í vetrarkönnuninni en 14 prósentum lægra en í vorkönnuninni fyrir ári. Vandinn var mestur í sjávarútvegi þar sem tæplega þrír af hverjum fimm stjórnendum voru svartsýnir á að geta mætt óvæntri eftirspurn en minnstur var hann í verslun þar sem rúmlega einn af hverjum fimm stjórnendum var sömu skoðunar.

Launavísitalan hækkaði um 0,3% milli mánaða í janúar og um 5,8% milli ára. Raunlaun voru 2,3% hærri í mánuðinum en á sama tíma árið 2018. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar var hlutfall launa og launatengdra gjalda af vergum þáttatekjum 64,3% í fyrra sem er 0,5 prósentum hærra en árið á undan og 3,8 prósentum yfir meðaltali síðustu 20 ára. Eldri tölur voru einnig endurskoðaðar, mest fyrir árið 2017, en á heildina litið var þróun undanfarinna tveggja ára í takt við það sem gert var ráð fyrir í febrúarspá *Peningamála*.

Húsnaðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í febrúar, hækkaði um 0,3% milli mánaða að teknu tilliti til árstíðar en um 5,6% milli ára. Vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 0,2% milli mánaða í janúar þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðarsveiflu en um 5,2% milli ára. Árshækkun fasteignaverðs hefur því verið frekar stöðug í kringum 5% síðan í apríl 2018. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fækkaði um 9,4% milli ára í janúar en fjöldi kaupsamninga með nýbyggingar jókst um 2,6% á sama tímabili.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,19% milli mánaða í febrúar. Ársverðbólga mældist 3% og hjaðnaði um 0,4 prósentur frá síðasta fundi nefndarinnar. Vísitala neysluverðs án húsnaðis hafði hækkað um 2,1% frá febrúar í fyrra. Miðgildi ólíkra mælikvarða á undirliggjandi verðbólgu var 3,1% í febrúar og hafði hækkað um 1 prósentu frá sama tíma í fyrra.

Megindrifkraftur hækkunar vísítolu neysluverðs í febrúar voru útsölulok á húsgögnum og heimilisbúnaði. Flugfargjöld til útlanda lækkuðu annan mánuðinn í röð og mældust tæplega 12% lægri en á sama tíma í fyrra. Einnig lækkaði verð innfluttrar matvöru og nýrra bíla milli mánaða.

Samkvæmt vorkönnunum Gallup mældust verðbólguvæntingar heimila og stjórnenda fyrirtækja til eins árs 4% og voru óbreyttar frá vetrarkönnuninni en 1 prósentu hærri en í vorkönnunum 2018. Væntingar þeirra um verðbólgu á næstu fimm árum hækkuðu hins vegar um 0,5 prósentur milli kannana í 3,5-4%. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til fimm og tíu ára var um 3,4% rétt fyrir fund nefndarinnar og hafði lækkað frá febrúarfundi nefndarinnar. Á lagið til tíu ára hefur verið að meðaltali 3,7% það sem af er fyrsta ársfjórðungi sem er 0,4 prósentum lægra en á síðasta fjórðungi í fyrra.

## II Vaxtaákvörðunin

Seðlabankastjóri greindi nefndarmönnum frá þróuninni á innlendum gjaldeyrismarkaði í kjölfar þess að frumvarp um losun síðasta hluta aflandskrónueigna var samþykkt á Alþingi og samtímis ákveðið að lækka bindihlutfall sérstakrar bindiskyldu á fjármagnsinnstremi niður í níll. Útflæði á gjaldeyrismarkaði hefði verið minna en vænta mátti auk þess sem innflæði vegna nýfjárfestingar á skuldabréfamarkaði hefði vegið upp á móti. Einnig hefði verið nokkurt innstremi inn á hlutabréfamarkað og dregið hefði úr útstremi vegna lífeyrissjóðanna. Seðlabankinn hefði því einungis gripið einu sinni inn á gjaldeyrismarkað og selt gjaldeyri síðan lögini voru samþykkt en gengi krónunnar hafði hækkað milli funda nefndarinnar.

Aðstoðarseðlabankastjóri greindi frá því helsta í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands en það ásamt frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hafði verið í samráðsgátt stjórvalda síðan 7. mars sl.

Nefndarmenn ræddu taumhald peningastefnunnar í ljósi nýjustu upplýsinga um framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans höfðu haldist óbreyttir milli funda. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en á fundinum í febrúar hafði nefndin ákveðið að halda vöxtum óbreyttum m.a. í ljósi þess að horfur væru á því að spenna í þjóðarbúskapnum minnkaði hraðar en áður var talið og taumhald peningastefnunnar hefði aukist á ný.

Nefndarmenn ræddu nýlega birtar bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga en samkvæmt þeim hægði nokkuð á hagvexti á seinni hluta síðasta árs frá því sem hann hafði verið á fyri hluta ársins. Hagvöxtur var 4,6% á árinu öllu en í febrúarspá sinni hafði Seðlabankinn gert ráð fyrir að hann yrði 4,3%. Nefndarmenn veittu því athygli að vöxtur innflutnings vöru og þjónustu var lítt sem enginn á árinu 2018 samhliða ágætum vexti þjóðarútgjálfa. Nýlegar vísbendingar um efnahagsumsvif og af vinnumarkaði bentu til þess að spenna í þjóðarbúskapnum héldi áfram að minnka. Nefndarmenn ræddu þá óvissu sem væri fyrir hendi í ferðaþjónustunni vegna erfiðleika í flugrekstri. Fram kom að yfirstandandi verkföll gætu enn fremur leitt til hraðari kólnunar í þjóðarbúskapnum og einnig að horfur um vöruútflutning hefðu versnað í kjölfar slæmrar loðnuvertíðar.

Nefndin ræddi verðbólguþróunina en verðbólga var 3% í febrúar og hafði hjaðnað frá því í desember sl. þegar hún mældist 3,7%. Nefndarmenn tóku mið af því að þar vegi þyngst að dregið hefði úr áhrifum hækkunar innflutningsverðs vegna gengislækkunar krónunnar á haustmánuðum síðasta árs og að framlag húsnaðis til verðbólgu hefði minnkað. Bent var á að í ljósi rekstrarerfiðleika hjá innlendum flugfélögum gætu flugfargjöld hækkað og verðbólguhorfur því versnað. Nefndin veitti því einnig athygli að gengi krónunnar hefði hækkað um tæplega 3% frá febrúarfundi peningastefnunefndar. Enn væri þó líklegt að verðbólga myndi aukast eitthvað fram eftir ári en hvað yrði væri háð niðurstöðu kjarasamninga sem ekki lægi fyrir.

Nefndarmenn ræddu mögulegar orsakir þeirrar stöðu sem upp væri komin á vinnumarkaði og að hversu miklu leyti hún stafaði af mikilli framleiðsluspennu. Fram kom í umræðunni að líklega væri um að ræða samspil mikils vaxtar í ferðaþjónustu sem væri með hlutfallslega lægri framleiðni en aðrar atvinnugreinar, aukinnar vinnuaflseftirspurnar, óánægju með tekjuskiptingu í samfélagini og nýrra áherslina í forystu verkalýðsfélaga. Einnig var bent á að erfið staða á húsnæðismarkaði í kjölfar mikilla verðhækkan og skorts á framboði hefði haft töluverð áhrif og líklega einnig skuldalækkunaraðgerðir gagnvart þeim sem eiga húsnæði. Nefndarmenn ræddu möguleg viðbrögð ef niðurstöður kjarasamninga yrðu til þess að verðbólguhorfur myndu versna. Ef umsamdar launahækkanir samræmdust ekki verðbólgu markmiði og í þeim mæli sem rekja mætti þær til mikillar vinnuaflseftirspurnar og viðvarandi framleiðsluspennu væri að öðru óbreyttu óhjákvæmilegt að auka taumhald peningastefnunnar.

Nefndarmenn veittu því athygli að langtíma verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja hefðu hækkað en verðbólguálag á skuldbréfamarkaði lækkað og á alla mælikvarða væru langtíma verðbólguvæntingar enn yfir verðbólgu markmiðinu. Eins og nefndin hafði áður bent á hefði skörp hækjun verðbólguvæntinga á seinni hluta síðasta árs líklega að hluta stafað af hækjun áhættuálags en ekki eingöngu væntingum um meiri verðbólgu. Lækkun verðbólguálags að undanförnu mætti því einnig að hluta rekja til lækkunar áhættuálags. Nefndarmenn tóku einnig mið af því að væntingar um verðbólgu til skamms tíma hefðu lítið breyst frá síðasta fundi peningastefnunefndar og væri taumhald peningastefnunnar, eins og það mælist í raunvöxtum Seðlabankans, óbreytt frá fyrri fundi.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánum, yrðu 4,5%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 4,25%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 5,25% og daglánavextir 6,25%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Að mati nefndarmanna myndi peningastefnan á næstunni ráðast af samspili minni spennu í þjóðarbúskapnum, launaákvarðana og þróunar verðbólgu og verðbólguvæntinga.

Nefndin ítrekaði að hún hefði bæði vilja og þau tæki sem þyrfti til að halda verðbólgu og verðbólguvæntingum við markmið til lengri tíma litið og var sammála um að það gæti kallað á harðara taumhald peningastefnunnar á komandi mánuðum. Aðrar ákvarðanir, einkum á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum, myndu skipta miklu um hvort svo yrði og hefðu áhrif á hversu mikill fornarkostnaður yrði í lægra atvinnustigi.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Áslaug Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 22. maí 2019.



## *Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands*

### **Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands**

Maí 2019 (84. fundur)

Birt: 5. júní 2019

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við löginn hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 20. og 21. maí 2019, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, vaxtaákvörðunina 22. maí og kynningu þeirrar ákvörðunar.

### **I Þróun í efnahags- og peningamálum**

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlenden þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá vaxtaákvörðun nefndarinnar 20. mars 2019 eins og þær birtust í nýrri spá og óvissumati í *Peningamálum 2019/2* hinn 22. maí.

### **Fjármálamarkaðir**

Frá fundi peningastefnunefndar í mars lækkaði gengi krónunnar um 3,5% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Á sama tímabili lækkaði það um 3,7% gagnvart evru, 5,5% gagnvart Bandaríkjadal og um 1,1% gagnvart bresku pundi. Á milli funda seldi Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 15 m. evra (2,1 ma.kr.). Hlutur Seðlabankans nam rúmlega 5% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans var lítið breytt frá marsfundi nefndarinnar miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs. Á þennan mælikvarða voru raunvextir bankans 1%. Miðað við ársverðbólgu voru þeir 1,2% og höfðu lækkað um 0,3 prósentur milli funda.

Vextir á millibankamarkaði með krónur höfðu lækkað lítillega á milli funda en velta á markaðnum nam 34 ma.kr. á tímabilinu.

Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði lækkað um 0,6 prósentur frá marsfundi nefndarinnar og krafa lengri verðtryggðra ríkis- og íbúðabréfa lækkað um 0,3 prósentur. Óverðtryggðir meðalvextir húsnaðislána og sjóðfélagalána lífeyrissjóða höfðu lækkað lítillega frá marsfundi nefndarinnar. Á sama tímabili höfðu fastir meðalvextir verðtryggðra íbúðalána og breytilegir meðalvextir verðtryggðra sjóðfélagalána einnig lækkað lítillega.

Miðað við þriggja mánaða millibankavexti hafði vaxtamunur minnkað lítillega gagnvart evrusvæðinu á milli funda og mældist 5,2 prósentur en hafði lítið breyst gagnvart Bandaríkjum og var 2,4 prósentur. Langtíma vaxtamunur gagnvart Þýskalandi hafði minnkað um 0,5 prósentur milli funda og var 4,3 prósentur og hafði minnkað um 0,5 prósentur gagnvart Bandaríkjum og var 1,8 prósentur.

Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs höfðu lítið breyst frá marsfundi nefndarinnar. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var nánast óbreytt eða tæplega 0,8% en vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldbréfum jókst lítillega og var 0,5-0,7 prósentur.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu allar lækkunar vaxta, ýmist um 0,25 eða 0,5 prósentur. Vísuðu þær til þess að verðbólguhorfur hefðu batnað, meðal annars vegna þess að útlit væri fyrir að spennan í þjóðarbúskapnum myndi minnka hratt á þessu ári, niðurstöður kjarasamninga hefðu samrýmst verðbólgu markmiði bankans betur en búist var við og gengi krónunnar hefði verið stöðugt að undanförnu.

Samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans á væntingum markaðsaðila sem var framkvæmd í byrjun maí sl. bjuggust þeir við því að meginvestir Seðlabankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur í 4% á öðrum ársfjórðungi þessa árs og um 0,25 prósentur til viðbótar á fyrri hluta næsta árs og yrðu því 3,75% eftir bæði eitt og tvö ár. Þetta er töluverð breyting frá janúarkönnuninni þegar þeir gerðu ráð fyrir vaxtahækkun á þessu ári. Í könnuninni taldi enginn svarenda taumhald peningastefnunnar vera of laust um þessar mundir en 24% svarenda töldu það of laust í síðustu könnun. Um 24% svarenda töldu taumhaldið hæfilegt nú samanborið við 57% í síðustu könnun bankans. Hlutfall þeirra sem töldu taumhaldið of þétt eða allt of þétt var um 76% og hækkaði úr 19% í janúarkönnuninni.

Árvöxtur víðs peningamagns (M3) var um 8% á fyrsta fjórðungi ársins sé leiðrétt fyrir innlánum fallinna fjármálafyrirtækja sem er heldur minni vöxtur en var undir lok síðasta árs. Vöxturinn helgast sem fyrr að stærstum hluta af meiri innlánum heimila en hlutdeild atvinnufyrirtækja í vextinum hefur einnig aukist áfram. Leiðrétt fyrir áhrifum skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda má áætla að útlánastofn lánakerfisins til innlendra aðila hafi stækkað um 10% að nafnvirði á fyrsta fjórðungi ársins frá sama tíma fyrir ári. Á sama tíma jukust útlán til heimila um 8½% milli ára og útlán til atvinnufyrirtækja um 12% en sé tekið tillit til gengisbreytinga var vöxturinn um 9½%.

Úrvalsvisitala Kauphallarinnar, OMXI8, hækkaði um 12% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 213 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins sem er tæplega 14% meiri velta miðað við árið á undan.

## Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti

Samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem birt var í apríl sl. hafa horfur í heimsbúskapnum versnað enn frekar frá síðustu spám sjóðsins. Gert er ráð fyrir að heimshagvöxtur verði 3,3% í

ár sem er 0,2 prósentum minni vöxtur en sjóðurinn spáði í janúar sl. og 0,4 prósentum minni en hann gerði ráð fyrir í október. Minni hagvöxt í heiminum má að mestu rekja til verri horfa í þróuðum ríkjum, einkum á evrusvæðinu, en einnig í hluta þróunar- og nýmarkaðsríkja. Spáð er 1,7% hagvexti í helstu viðskiptalöndum Íslands sem er 0,3 prósentum minna en í október. Sjóðurinn spáir að heimshagvöxtur aukist á ný á næsta ári og verði 3,6% sem er 0,1 prósentu minna en í októberspánni. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur áfram meiri líkur á að hagvexti sé ofspáð en vanaspáð einkum vegna hættu á að alþjóðlegar viðskiptadeilur magnist enn frekar. Gerir hann ráð fyrir að alþjóðaviðskipti aukist um 3,4% í ár í stað 4% eins og áður hafði verið spáð. Spáð er að verðbólga meðal helstu viðskiptalandra Íslands verði 1,6% í ár en í október var gert ráð fyrir 1,9% verðbólgu.

Afgangur á vörubiðskiptum Íslands nam tæplega 1 ma.kr. á fyrsta fjórðungi ársins (á föstu gengi) en á sama tíma í fyrra var 33,4 ma.kr. halli. Viðsnúningurinn milli ára skýrist að stærstum hluta af auknum útflutningi á flugvélum og einnig á skipum. Þá dróst innflutningur á flugvélum jafnframt saman milli ára. Án skipa og flugvéla var hátt í 22 ma.kr. halli á vöruskiptum á fyrsta fjórðungi ársins samanborið við rúmlega 25 ma.kr. halla á sama tíma í fyrra (á föstu gengi). Minni halli nú skýrist af samdrætti í verðmæti innflutnings, einkum á eldsneyti og smurolímum og á fólksbílum. Þá dróst útflutningur án skipa og flugvéla einnig lítillega saman. Munar þar mest um samdrátt á útflutningsverðmæti iðnaðarvara, að miklu leyti á áli sakir tímabundinnar framleiðsluskerðingar hjá innlendu álveri.

Miðað við skráð heimsmarkaðsverð lækkaði álverð um 7,4% milli funda peningastefnunefndar og var 22,5% lægra en á sama tíma í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofunnar benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi hækkað um 6,8% milli ára á fyrsta ársfjórðungi. Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði um tæplega 7% milli funda peningastefnunefndar og var um 72 Bandaríkjadalir á tunnu rétt fyrir fund nefndarinnar. Þrátt fyrir riflega þriðjungs hækjun frá áramótum var olíuverð tæplega 9% lægra en á sama tíma í fyrra og rúmlega 16% lægra en það fór hvað hæst í byrjun október sl.

Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag lækkaði um 0,3% milli mánaða í apríl og var þá 10% yfir 25 ára sögulegu meðaltali en um 14% undir því sem það fór hæst í júní 2017. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins var raungengi á þennan mælikvarða 9,4% lægra en á sama tímabili í fyrra og má rekja lækkunina til 10,5% lækkunar nafngengis krónu og 1,3 prósentum meiri verðbólgu hér á landi en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

### Innlendir þjóðarbúskapur og verðbólga

Samkvæmt Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands fjölgæði heildarvinnustundum um 1,8% á fyrsta fjórðungi ársins sem er 0,7 prósentum hægari fjölgun en á síðasta fjórðungi í fyrra og tæplega 1 prósentu hægari en að meðaltali undanfarin sex ár. Fjölgun heildarvinnustunda stafaði af 2,6% fjölgun starfandi fólks en á móti vó tæplega 1% styttri meðalvinnuvika. Litlar breytingar voru á atvinnuþátttöku og hlutfalli starfandi milli ára á fyrsta fjórðungi ársins. Skýrari merki um hægari fjölgun starfa má sjá í gögnum úr staðgreiðsluskrá. Samkvæmt henni hefur dregið úr fjölgun starfsfólks milli ára nær samfellt frá miðju ári 2017 og virðist sú þróun hafa haldið áfram á fyrsta ársfjórðungi.

Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi mældist 3% á fyrsta fjórðungi ársins og jókst um 0,4 prósentur milli fjórðunga en var lítillega meira en fyrir ári. Á sama tíma var árstíðarleiðrétt skráð atvinnuleysi 2,8% og hafði það aukist lítillega milli fjórðunga en um 0,7 prósentur frá sama fjórðungi í fyrra. Það jókst svo enn frekar í apríl sl. þegar áhrif af gjaldþrotri WOW Air komu fram af meiri þunga og mældist 3,5%.

Tölur um búferlaflutninga á fyrsta fjórðungi ársins sýna að erlendu vinnuafli fjölgar enn en ekki jafn mikið og undanfarið ár. Íbúum landsins fjölgaði um 1,8% milli ára á fjórðungnum vegna búferlaflutninga erlendra ríkisborgara en hafði með sama hætti fjölgað um 2,5% á fyrsta fjórðungi í fyrra. Þá hafði starfsfólk starfsmannaleigna og erlendra þjónustufyrirtækja og útgáfu nýrra tímabundinna atvinnuleyfa fækkað milli ára á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Launavísitalan hækkaði um 0,5% milli fjórðunga á fyrsta fjórðungi ársins og um 5,7% milli ára. Raunlaun voru 2,5% hærri á fjórðungnum en á sama tíma árið 2018.

Helstu vísbendingar um þróun einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi benda til þess að dregið hafi úr vexti hennar frá því sem var á seinni hluta síðasta árs. Nýskráningar bifreiða drögust saman og það dró úr vexti greiðslukortaveltu á fjórðungnum. Í upphafi annars ársfjórðungs benda þær vísbendingar sem fyrir liggja til þess að þróunin á fyrsta fjórðungi haldi áfram.

Væntingavísitala Gallup mældist 96,9 stig í apríl og hækkaði um rúm 5 stig milli mánaða en milli ára lækkaði hún um 19½ stig. Nokkrar breytingar voru í undirliðum vísítölunnar, væntingar til næstu sex mánaða bötnuð umtalsvert en mat á núverandi ástandi versnaði.

Húsnaðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok apríl, lækkaði um 0,1% milli mánaða að teknu tilliti til árstíðar en hækkaði um 4,6% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 0,1% milli mánaða í mars þegar leiðrétt hefur verið fyrir árstíðarsveiflu en um 4,3% milli ára. Árshækkun fasteignaverðs hefur því verið frekar stöðug í kringum 5% síðan í apríl 2018. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fækkaði um 1,4% á fyrstu þremur mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en fjöldi kaupsamninga með nýbyggingar dróst þó saman um 16,9% á sama tímabili.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,52% milli mánaða í mars og mældist verðbólga 2,9%. Hún jókst hins vegar á ný í apríl þegar vísitalan hækkaði um 0,37% frá fyrri mánuði og mældist 3,3%. Ársverðbólga hafði því aukist um 0,3 prósentur frá marsfundi peningastefnunefndar. Vísitala neysluverðs án húsnaðis hafði hækkað um 2,8% frá apríl í fyrra en ársverðbólga samkvæmt samræmu neysluverðsvísítölunni var 3,2%. Undirliggjandi verðbólga var 3,2% í apríl miðað við miðgildi ólíkra mælikvarða og jókst lítillega milli funda.

Hækkun flugfargjalfa og bensíns hafði mest áhrif á þróun vísítölunnar í apríl. Hækkun flugfargjalfa var meiri en að jafnaði á þessum árstíma og átti gjaldþrot flugfélagsins WOW Air þátt í því en flugfargjöld hækka þó jafnan í kringum páska. Dregið hefur úr áhrifum gengislækkunar krónunnar á innflutningsverð að undanförnu og hefur verð innfluttrar vörur í vísítölu neysluverðs hækkað um 3,3% sl. tólf mánuði.

Samkvæmt könnun Seðlabankans sem gerð var í byrjun maí lækkuðu skammtímaverðbólguvæntingar markaðsaðila milli kannana og bjuggust þeir við því að verðbólga verði 3% eftir eitt ár og 2,8% eftir tvö ár. Þeir væntu jafnframt að verðbólga verði að meðaltali 2,8% á næstu fimm árum og 2,7% á næstu tíu árum og lækkuðu tíu ára væntingar lítillega milli kannana en fimm ára væntingar voru óbreyttar. Langtíma verðbólguvæntingar þeirra voru svipaðar og þær voru fyrir ári. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur einnig lækkað undanfarna mánuði. Álagið til tíu ára var tæplega 3% rétt fyrir fund nefndarinnar og hafði lækkað um 0,4 prósentur frá marsfundinum. Það var jafnframt 0,4 prósentum lægra en það var fyrir ári.

Samkvæmt spánni sem birtist í *Peningamálum* 22. maí 2019 hafa verðbólguhorfur á spátímanum batnað frá febrúarspá bankans. Verðbólga jókst nokkuð í kjölfar lækkunar á gengi krónunnar sl. haust og náði hámarki í 3,7% í desember. Hún minnkaði í 3,1% á fyrsta fjórðungi þessa árs en jókst á ný í 3,3% í apríl. Verðbólguvæntingar hafa einnig lækkað eftir að hafa

hækkað í fyrra. Talið er að verðbólga eigi eftir að aukast lítillega fram á mitt ár en þó minna en gert var ráð fyrir í febrúarspá bankans. Talið er að hún verði komin í verðbólgu-markmiðið um mitt næsta ár og fari tímabundið niður fyrir það seitn á næsta ári. Breyttar verðbólgu-horfur má fyrst og fremst rekja til hins mikla viðsnúnings í þjóðarbúinu en á móti vegur meiri hækkuun launakostnaðar á framleidda einingu og innflutningsverðs.

Eftir lækkun sl. haust hefur gengi krónunnar verið tiltölulega stöðugt það sem af er ári. Gert er ráð fyrir að gengið haldist svipað og það er nú út spátímann og gangi það eftir verður viðskiptavegið meðalgengi krónunnar liðlega 2% lægra á næstu tveimur árum en spáð var í febrúar. Horfur um lægra gengi krónunnar endurspeglar m.a. lakari hagvaxtarhorfur og því er vænst lægri innlendra vaxta en áður eins og sjá má í könnun meðal markaðsaðila og út frá framvirkum vöxtum.

Meðalhagvöxtur í helstu viðskiptalöndum Íslands var 2,1% í fyrra og hafa horfur fyrir þetta ár versnað frá febrúarspá *Peningamála*. Nú er talið að hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum verði að meðaltali 1,7% í ár en í febrúar var gert ráð fyrir að hann yrði 1,9% og í nóvemberspá bankans var spáð 2,2% vexti.

Eftir nánast samfelldan bata viðskiptakjara frá miðju ári 2014 tóku þau að rýrna um mitt ár 2017. Viðskiptakjör rýrnuðu um 3,9% í fyrra sem má að mestu rekja til hækkuunar olíuverðs og verðs á súráli þótt á móti vegi ágæt hækkuun á verði helstu útflutningsafurða. Eins og í febrúarspá bankans er gert ráð fyrir um ½% bata viðskiptakjara að meðaltali í ár og á næstu tveimur árum. Fara þar saman áframhaldandi verðhækkuun helstu útflutningsafurða og verðlækkun á olíu og súráli. Gangi spáin eftir verða viðskiptakjör um 1½% lakari í lok spátímans en búist var við í febrúar.

Horfur eru á miklum viðsnúningi í útflutningi í ár frá því sem verið hefur á síðustu árum. Það má að mestu leyyti rekja til mikils samdráttar í útfluttri ferðaþjónustu en snemma á þessu ári var ljóst að ferðamenn yrðu færri í ár en í fyrra. Endanlegt fall WOW Air veldur því að þeim fækkar enn frekar og er nú gert ráð fyrir um 10% fækkuun milli ára og að þjónustuútflutningur dragist saman um tæplega 9%. Horfur um vöruútflutning hafa einnig versnað og vega þar þyngst loðnubrestur og almennt verri horfur um útflutning sjávarafurða. Útlit er því fyrir tæplega 4% samdrátt útflutnings vöru og þjónustu í ár en í febrúar var spáð nánast óbreyttu útflutningsmagni frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að ferðamönnum taki að fjölga á ný á næsta ári en ágætur vöxtur í þjónustuútflutningi er meginástæða þess að útflutningur í heild eykst um 2½% milli ára að meðaltali á næstu tveimur árum.

Talið er að hagvöxtur hafi minnkað á fyrsta fjórðungi þessa árs og landsframleiðslan dregist saman um riflega 1% milli ára á öðrum ársfjórðungi. Þetta er veruleg breyting frá febrúarspá bankans sem má rekja til þeirra ytri áfalla sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir undanfarið og lýst er hér að framan. Talið er að 0,4% samdráttur verði á árinu öllu og yrði það í fyrsta sinn síðan árið 2010 sem samdráttur mælist hér á landi. Þetta er verulegur viðsnúningur frá febrúarspá bankans en þá var spáð 1,8% hagvexti í ár. Verri horfur í ferðaþjónustu skýra langstærstan hluta endurskoðunar á hagvaxtar-spá ársins en einnig vega þungt áhrif minni útflutnings sjávarafurða vegna loðnubrests í ár. Við bætast áhrif hægari vaxtar alþjóðlegra efnahagsumsvifa og endurskoðunar á vexti útgjalda hins opinbera frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í febrúar. Grunnspáin felur í sér að efnahagssamdrátturinn verði tiltölulega skammvinnur og að á næsta ári verði hagvöxtur kominn í um 2%. Það er þó heldur minni hagvöxtur en spáð var í febrúar.

Horfur eru á að heildarvinnustundum fækki fram eftir ári en að þær standi nánast í stað milli ársmeðaltala en í febrúarspá bankans var gert ráð fyrir að þeim myndi fjlölgum um 1,4%. Útlit er

fyrir að atvinnuleysi aukist nokkuð á öðrum fjórðungi ársins. Spáð er 3,9% atvinnuleysi að meðaltali í ár sem er 0,8 prósentum meira en spáð var í febrúar. Í spánni minnkar atvinnuleysið aftur á næstu tveimur árum en helst áfram nokkru yfir því sem gert var ráð fyrir í febrúar og yfir því atvinnuleysisstigi sem talið er samræmast verðstöðugleika.

Umsamdar launahækkanir í nýgerðum kjarasamningum fyrir árið í ár eru áþekkar því sem gert var ráð fyrir í febrúarspá *Peningamála* en hækkanir næstu tveggja ára eru heldur meiri. Horfur eru jafnframt á hægari framleiðnivexti en spáð var í febrúar og því hækkar launakostnaður á framleidda einingu meira en þá var gert ráð fyrir eða um 7% í ár og um 4% að meðaltali á næstu tveimur árum.

Vegna endurskoðunar Hagstofunnar á sögulegum hagvaxtartölum er nú talið að framleiðsluspennan hafi verið heldur meiri undanfarin tvö ár en fyrra mat gerði ráð fyrir. Snarpur viðsnúningur efnahagsumsvifa í ár gerir það hins vegar að verkum að framleiðsluspenna minnkar mun hraðar en áður var talið og er gert ráð fyrir að slaki myndist í þjóðarbúinu fyrir lok þessa árs. Samkvæmt spánni hverfur slakinn aftur undir lok næsta árs.

Grunnspá bankans endurspeglar mat á líklegustu framvindu efnahagsmála á spátímanum. Hún byggist á spám og forsendum um innlenda hagstjórn, þróun ytra umhverfis íslensks þjóðarbúskapar og mati á virkni einstakra markaða og því hvernig peningastefnan miðlast út í raunhagkerfið. Um alla þessa þætti ríkir óvissa. Breytingar á ýmsum lykilforsendum gætu leitt til efnahagsframvindu sem er frábrugðin því sem grunnspái gerir ráð fyrir.

Verðbólga gæti orðið meiri en í grunnspá bankans þrátt fyrir að dregið hafi úr óvissu um verðbólguhorfur í kjölfar þess að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru samþykktir. Óvissan er ekki með öllu horfin þar sem enn á eftir að ganga frá samningum opinberra starfsmanna sem gætu haft áhrif á kjarasamninga á almennum markaði. Þá er ávallt óvissa um þróun launaskriðs og hversu mikið riflegar launahækkanir á lægst launaða hluta vinnuafslins gangi upp launastigann. Annar mikilvægur óvissuþáttur tengist gengi krónunnar. Ekki er t.d. útilokað að hluti áhrifa gengislækkunar krónunnar á seinni hluta síðasta árs eigi enn eftir að koma fram í innlendri verðbólgu. Þá gæti forsenda grunnspárinnar um gengi krónunnar reynst of bjartsýn, t.d. ef áföll í ferðaþjónustu reynast þrálátari eða ef viðskiptakjör rýrna enn frekar. Spennan í þjóðarbúskapnum gæti einnig reynst þrálátari en gert er ráð fyrir. Verðbólga gæti að sama skapi orðið meiri en spáð er ef verðbólguvæntingar taka að hækka á ný.

Ekki er heldur útilokað að verðbólga verði minni en grunnspái felur í sér. Gengi krónunnar gæti t.d. hækkað á ný ef ytri skilyrði batna aftur. Alþjóðlegar efnahagshorfur gætu einnig verið of bjartsýnar og útflutningur og hagvöxtur því orðið minni en spáð er. Framleiðnivöxtur gæti orðið meiri en spáð er og slakinn sem virðist vera að myndast í þjóðarbúinu gæti verið vanmetinn.

## II Vaxtaákvörðunin

Nefndin fjallaði um tillögu að breytingum á reglum um viðskipti fjármálfyrirtækja við Seðlabanka Íslands um að sértryggð bréf, þ.e. bréf sem gefin eru út með baktryggingu í veðum sem samanstanda af húsnæðislánum einstaklinga, verði sett á veðlista Seðlabankans. Í kjölfar umræðu um tillöguna var hún samþykkt af nefndinni.

Nefndarmenn ræddu taumhald peningastefnunnar í ljósi nýjustu upplýsinga um framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans höfðu lítið breyst frá marsfundi nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en á fundinum í mars hafði nefndin ákveðið að halda vöxtum óbreyttum m.a. í ljósi þess að enn var óvissa um niðurstöðu

kjarasamninga. Nefndin hafði einnig hist tvisvar í apríl til að ræða nýjustu vendingar í efnahagsmálum, m.a. niðurstöðu kjarasamninga og breytingar í ferðaþjónustu.

Nefndarmenn ræddu efnahagsþróunina og horfur og tóku í því sambandi mið af nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birtist í *Peningamálum* 22. maí en samkvæmt henni höfðu hagvaxtarhorfur breyst verulega frá síðustu spá bankans. Samkvæmt spánni væru nú horfur á 0,4% samdrætti í ár en í febrúar hafði verið spáð 1,8% hagvexti. Voru nefndarmenn sammála um að þessi umskipti stöfuðu einkum af samdrætti í ferðaþjónustu og minni útflutningi sjávarafurða vegna loðnubrests. Nefndin tók mið af því að af þessum sökum myndi framleiðsluspenna snúast í slaka á næstunni ef þjóðarbúskapurinn væri ekki þegar kominn í slaka. Fram kom í umræðunni að til skamms tíma litið væri hætta á að umsvif í þjóðarbúskapnum myndu dragast meira saman en gert væri ráð fyrir í grunnspánni. Einnig var bent á að óvissa væri um hvort samdrátturinn yrði skammvinnur og bati hæfist strax á næsta ári. Á móti var bent á að undirliggjandi umsvif í þjóðarbúinu gætu einnig verið vanmetin.

Nefndin ræddi verðbólguþróunina en verðbólga var 3,1% á fyrsta fjórðungi ársins og jókst í 3,3% í apríl. Nefndarmenn tóku mið af því að undirliggjandi verðbólga hefði þróast með áþekkum hætti og munurinn milli verðbólgu með og án húsnaðis hefði ekki verið minni frá haustinu 2013. Fram kom í umræðunni að gengi krónunnar hefði haldist tiltölulega stöðugt það sem af væri ári en áhrif lækkunar þess sl. haust á verðbólgu hefðu enn sem komið er verið minni en vænst var. Bent var á að lítið hefði verið um inngríp Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði að undanförnu og að raungengi krónunnar væri nokkuð nálægt metnu jafnvægisraungengi sínu. Nefndarmenn voru sammála um að viðsnúningur í efnahagsmálum gerði það að verkum að verðbólguhorfur hefðu breyst nokkuð á skömmum tíma og horfðu til þess að spá bankans gerði ráð fyrir að verðbólga næði hámarki í 3,4% um mitt ár en hjaðnaði í verðbólgu markmið um mitt næsta ár.

Nefndin lagði áherslu á að þótt nýgerðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði fælu í sér myndarlegar launahækkanir væri niðurstaða þeirra í betra samræmi við verðbólgu markmiðið en margir höfðu búist við. Fram kom í umræðunni að óvissa um verðbólguhorfur hefði minnkað í kjölfarið. Verðbólguvæntingar hefðu því lækkað á ný en þær hækkuðu umtalsvert er leið á síðasta ár. Nefndarmenn töldu það afar jákvætt að langtíma verðbólguvæntingar á markaði væru nú komnar undir 3%.

Nefndarmenn ræddu að samdráttur í þjóðarbúskapnum myndi reyna á heimili og fyrirtæki en lögðu áherslu á að viðnámsþróttur þjóðarbúsins væri umtalsvert meiri nú en áður. Í því samhengi var rætt að undirliggjandi efnahagsþættir og aðstæður væru með allt öðrum hætti nú en t.d. þegar efnahagsáfallið reið yfir fyrir tíu árum. Nefndin lagði áherslu á að svigrúm peningastefnunnar til að mæta efnahagssamdrættinum væri einnig töluvert, sérstaklega ef færi sem horfir og verðbólga og verðbólguvæntingar héldust við verðbólgu markmið. Fram kom í umræðunni að nægt svigrúm nú gerði það að verkum að beita mætti peningastefnunni til að milda þá niðursveiflu sem væri framundan. Þá töldu nefndarmenn það jákvætt að boðaðar aðgerðir stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga myndu leggjast á sömu sveif.

Allir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að lækka vexti bankans nú og rætt var um hvort lækka ætti þá um 0,25 prósentur eða 0,5 prósentur. Helstu rök sem fram komu á fundinum fyrir því að taka minna skref og lækka vexti um 0,25 prósentur voru þau að verðbólga væri enn yfir markmiði og ætti líklega eftir að aukast áfram á næstu mánuðum. Verðbólguvæntingar væru einnig enn yfir markmiði. Þá væru horfur á töluverðri hækku launakostnaðar á framleidda einingu á næstu árum og ennþá ætti eftir að ljúka kjarasamningum hjá hinu opinbera. Helstu rökin fyrir því að taka stærra skref og lækka vexti um 0,5 prósentur voru sá mikli viðsnúningur sem væri að verða í þjóðarbúinu í kjölfar þeirra

efnahagsáfalla sem hafa dunið á þjóðarbúinu undanfarið. Óvissa væri einnig töluverð um efnahagshorfur og ekki útilokað að efnahagssamdrátturinn verði meiri og langvinnari en gert væri ráð fyrir í spá Seðlabankans. Verðbólguhorfur hefðu jafnframt batnað og langtímaþerðbólguvæntingar hefðu lækkað og stefndu í markmið sem veitti nefndinni svigrúm til þess að bregðast við með meiri lækkun vaxta en ella.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánum, yrðu 4,0%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 3,75%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 4,75% og daglánavextir 5,75%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Að mati nefndarmanna myndi peningastefnan á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagsumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Áslaug Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 26. júní 2019.



## Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands

### Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Júní 2019 (85. fundur)

Birt: 10. júlí 2019

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við löginn hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 24. og 25. júní 2019, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, vaxtaákvörðunina 26. júní og kynningu þeirrar ákvörðunar.

### I þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlenden þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá vaxtaákvörðun nefndarinnar 22. maí 2019.

#### Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í maí lækkaði gengi krónunnar um 2,3% gagnvart viðskiptaveginni gengisvítolu. Á sama tímabili lækkaði það um 2,6% gagnvart evru, 0,5% gagnvart Bandaríkjadal og um 1% gagnvart bresku pundi. Á milli funda seldi Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 21 m. evra (3 ma.kr.), m.a. í því skyni að koma í veg fyrir að útflæði aflandskróna veikti gengi krónunnar. Hlutur Seðlabankans nam tæplega 18% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði á sama tíma.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans hafði aukist lítillega frá því rétt eftir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í maí. Raunvextir bankans voru 0,7% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs og höfðu hækkað um 0,1 prósentu milli funda. Miðað við ársverðbólgu voru þeir 0,4% og höfðu lækkað um 0,3 prósentur milli funda.

Vextir á millibankamarkaði með krónur lækkuðu í takt við 0,5 prósentna vaxtalækkun Seðlabankans í maí en velta á markaðnum nam um 21 ma.kr. á tímabilinu.

Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði lækkað um 0,3 prósentur frá maífundu nefndarinnar og krafa lengri verðtryggðra ríkis- og íbúðabréfa um 0,1 prósentu. Fastir og breytilegir meðalvextir húsnaðislána höfðu lækkað með áþekkum hætti fyrir utan meðalvexti verðtryggðra sjóðfélagalána sem höfðu lítið breyst.

Miðað við þriggja mánaða millibankavexti hafði vaxtamunur minnkað um 0,3 prósentur gagnvart evrusvæðinu á milli funda og mældist 4,9 prósentur. Samsvarandi vaxtamunur hafði minnkað um 0,2 prósentur gagnvart Bandaríkjunum og var 2,2 prósentur. Langtíma vaxtamunur gagnvart Þýskalandi hafði lítið breyst á milli funda og var 4,2 prósentur en hafði aukist um 0,1 prósentu gagnvart Bandaríkjunum og var 1,9 prósentur.

Mælikvardar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs höfðu lítið breyst frá maífundu nefndarinnar. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var nánast óbreytt eða rúmlega 0,7% en vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldbréfum minnkaði lítillega og var 0,5-0,6 prósentur.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu þess að peningastefnunefnd myndi ákveða að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Helstu rök þeirra voru þau að verðbólguvæntingar fyrirtækja og verðbólguálag á markaði hefðu lækkað auk þess sem efnahagshorfur hefðu heldur versnað frá síðustu vaxtaákvörðun. Þrátt fyrir að gengi krónunnar hefði veikst að undanförnu og verðbólga væri yfir markmiði töldu greiningardeildir að vextir yrðu lækkaðir frekar til að milda fyrirséðan efnahagssamdrátt.

Ársvoxtur víðs peningamagns (M3) var tæplega 9% í maí sé leiðrétt fyrir innlánum fallinna fjármálafyrirtækja sem er svipaður vöxtur og undanfarna two mánuði. Vöxturinn helgast sem fyrr að stærstum hluta af meiri innlánum heimila. Leiðrétt fyrir áhrifum skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda má áætla að útlánastofn lánakerfisins til innlendra aðila hafi stækkað um 8½% að nafnvirði í maímánuði frá fyrra ári. Á sama tíma jukust útlán til heimila um 7½% milli ára og útlán til atvinnufyrirtækja um 9½% en sé tekið tillit til gengisbreytinga var útlánavöxtur til atvinnufyrirtækja um 6%.

Úrvalsvíspitala Kauphallarinnar, OMXI8, lækkaði um 2,3% á milli funda. Velta á aðalmarkaði nam um 281 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins sem er 23% meiri velta en á sama tímabili í fyrra.

### **Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti**

Samkvæmt spá Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem birt var í maí er gert ráð fyrir að hagvöxtur í heiminum verði bæði minni í ár og á næsta ári en stofnunin hafði spáð í nóvember sl. Talið er að hann verði 3,2% á þessu ári og 3,4% á því næsta sem er 0,1-0,3 prósentum minna en í nóvemberspánni. Spáð er hægari hagvexti í nánast öllum ríkjum heimsins en þó einkum á evrusvæðinu. Horfur um vöxt alþjóðaviðskipta hafa einnig versnað. Talið er að þau vaxi um rúmlega 2% á þessu ári sem yrði minnsti vöxtur frá fjármálakreppunni. Stofnunin telur áfram meiri líkur á að hagvexti sé ofspáð fremur en vanspáð, m.a. vegna hættu á að alþjóðlegar viðskiptadeilur magnist enn frekar og vari lengur en búist er við. OECD spáir 1,8% hagvexti í helstu viðskiptalöndum Íslands bæði á þessu ári og því næsta sem er 0,1-0,3 prósentum minna en í nóvemberspánni. Talið er að verðbólga í helstu viðskiptalöndum verði 1,5% í ár og 1,8% á því næsta sem er 0,3-0,6 prósentum minna en spáð var í nóvember.

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam rúmlega 15 ma.kr. á fyrstu fjórum mánuðum ársins (á föstu gengi) en á sama tíma í fyrra var tæplega 52 ma.kr. halli. Minni halli nú skýrist að stærstum hluta

af auknum útflutningi á flugvélum í byrjun þessa árs. Þá dróst innflutningur á flugvélum jafnframt saman milli ára. Án skipa og flugvéla var tæplega 37 ma.kr. halli á vöruskiptum á fyrstu fjórum mánuðum ársins samanborið við 38½ ma.kr. halla á sama tíma í fyrra (á föstu gengi). Án skipa og flugvéla dróst verðmæti innflutnings saman um 2% milli ára, einkum á fólksbílum og eldsneyti og smurolíum, en útflutningur um 1,7%, einkum útflutningur á áli.

Miðað við skráð heimsmarkaðsverð hækkaði álverð um 0,6% milli funda peningastefnunefndar en var 18% lægra en á sama tíma í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi hækkað um 6,3% milli ára á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði um tæplega 10% milli funda peningastefnunefndar og var um 65 Bandaríkjadalir á tunnu rétt fyrir fund nefndarinnar. Það er 13% lægra verð en á sama tíma í fyrra.

Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag lækkaði um 1,6% milli mánaða í maí og var þá 8,5% yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs en 15,4% undir því sem það fór hæst í júní 2017. Á fyrstu fimm mánuðum ársins var raungengi á þennan mælikvarða 9,5% lægra en á sama tímabili í fyrra og má rekja lækkunina til 10,7% lækkunar nafngengis krónu og 1,4 prósentum meiri verðbólgu hér á landi en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

### **Innlendir þjóðarbúskapur og verðbólga**

Samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í maí var hagvöxtur 1,7% á fyrsta ársfjórðungi 2019. Þjóðarútgjöld drögust saman um 2,8% milli ára en framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var jákvætt um sem nemur 4,4 prósentum. Einkaneysla og samneysla jukust um 2,8% milli ára en fjárfesting minnkaði um 9,4% og stóðu neysla og fjárfesting í heild í stað milli ára. Framlag birgðabreytinga var hins vegar neikvætt á fjórðungnum og af þeim sökum drögust þjóðarútgjöld saman. Hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi var 0,1 prósentu meiri en gert var ráð fyrir í maíspá *Peningamála*. Neysla og fjárfesting voru heldur meiri en spáð var en birgðabreytingar voru veikari. Þjóðarútgjöld þróuðust því á heildina litið í takt við spá bankans. Vöxtur útflutnings var minni en gert var ráð fyrir en á móti góð innflutningur dróst meira saman og var framlag utanríkisviðskipta í samræmi við spána.

Viðskiptajöfnuður var jákvæður um rúmlega 35 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi. Það er töluvert meiri afgangur en á sama tíma 2018 þegar hann var 6,7 ma.kr. Meiri afgangur nú skyrist að langstærstum hluta af viðsnúningi í vöruskiptum, einkum vegna aukins útflutnings á flugvélum og skipum en einnig vegna samdráttar í innflutningi á flugvélum. Þá var jöfnuður frumbáttatekna einnig jákvæðari nú en í fyrra en á móti var minni afgangur á þjónustuviðskiptum. Án skipa og flugvéla var 13,2 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði á fyrsta ársfjórðungi en 14,1 ma.kr. afgangur á sama tíma í fyrra.

Helstu vísbendingar um þróun einkaneyslu á öðrum ársfjórðungi eru heldur kröftugri en þær voru á fyrsta fjórðungi sem gæti bent til þess að það bæti í vöxt einkaneyslu milli fjórðunga. Væntingavísitala Gallup mældist 96 stig í maí sem var lítillega lægra en í mánuðinum á undan. Hún hefur hins vegar heldur hækkað á síðustu mánuðum eftir mikla lækkun á seinni hluta síðasta árs.

Samkvæmt samþykktum breytingartillögum á þingsályktunum um fjármálastefnu 2018-2022 og fjármálaáætlun 2020-2024 versnar afkoma hins opinbera verulega eða um nálægt 1% af landsframleiðslu hvert ár. Ástæða þess er m.a. snarpur viðsnúningur efnahagsumsvifa í ár sem gerir það að verkum að efnahagshorfur hafa versnað nokkuð frá fyrri áætlunum stjórvalda. Framleiðsluspenna minnkar því hraðar, en afkoma ríkissjóðs er mjög háð breytingum í henni,

sérstaklega á tekjuhlið. Einnig hafa komið til töluverðar sértækar aðgerðir sem hafa verið til þess fallnar að rýra afkomu ríkissjóðs og nægir þar að nefna aðgerðir í tengslum við nýlega kjarasamninga. Bráðabirgðaaafkomutölur Hagstofunnar fyrir hið opinbera sýna nálægt 8% vöxt útgjalta á fyrsta ársfjórðungi milli ára en reglulegar tekjur jukust um riflega 2%.

Samkvæmt niðurstöðum sumarkönnunar Gallup sem framkvæmd var í maí meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins voru viðhorf fyrirtækja til núverandi efnahagsaðstæðna heldur betri en í vorkönnuninni en lakari en í sumarkönnuninni fyrir ári. Viðhorf stjórnenda til horfa á næstu sex mánuðum er þó heldur jákvæðara en bæði í vor og á sama tíma í fyrra. Um 56% stjórnenda telja núverandi aðstæður hvorki góðar né slæmar og um 23% telja þær vera góðar. Horft til næstu sex mánaða telur tæpt 41% stjórnenda að aðstæður í efnahagslífinu muni versna og um 46% að þær verði hvorki betri né verri. Um 14% stjórnenda telja að aðstæður verði betri eftir sex mánuði eða heldur fleiri en í síðustu könnun. Stjórnendur eru bjartsýnni um þróun innlendrar eftirspurnar á næstu sex mánuðum en í vorkönnuninni, einkum stjórnendur í verslun og byggingastarfsemi.

Samkvæmt árstíðarleiðréttum niðurstöðum sumarkönnunarinnar vill um fjórðungur fyrirtækja fækka starfsfólki á næstu sex mánuðum. Um 12 prósentum fleiri fyrirtæki vilja fækka starfsfólki en fjölda því en það bendir til heldur minni vinnuaflseftirspurnar en í vorkönnuninni og er hlutfallið 16 prósentum undir langtíðameðaltali sínu. Aðeins er útlit fyrir fjölgun starfa í ýmissi sérhæfðri þjónustu þar sem munurinn er jákvæður um 11 prósentur en í öðrum atvinnugreinum er útlit fyrir fækkan þar sem hann er neikvæður um 16-26 prósentur. Stjórnendur í byggingastarfsemi og veitum og í verslun eru töluvert svartsýnni en í vorkönnuninni en heldur dregur úr svartsýni hjá stjórnendum í samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu og í ýmissi sérhæfðri þjónustu.

Sé leiðrétt fyrir árstíð töldu 11% stjórnenda vera skort á starfsfólki sem er svipað hlutfall og var í vorkönnuninni en 14 prósentum færri stjórnendur en í sumarkönnuninni fyrir ári. Skorturinn var mestur í ýmissi sérhæfðri þjónustu og í byggingastarfsemi og veitum þar sem nærrí einn af hverjum fimm stjórnendum taldi vera skort á starfsfólki en hins vegar mældist sáralítill skortur í verslun og enginn í fjármála- og tryggingastarfsemi og í sjávarútvegi. Þá var skorturinn undir langtíðameðaltali í öllum atvinnugreinum.

Um 40% stjórnenda töldu fyrirtæki sitt eiga í vandræðum með að mæta óvæntri eftirspurn, að teknu tilliti til árstíðarsveiflu. Hlutfallið var lítið breytt frá vorkönnuninni og var við langtíðameðaltal. Tæplega þrír af hverjum fimm stjórnendum í ýmissi sérhæfðri þjónustu töldu sig eiga erfitt með að mæta óvæntri eftirspurn en fimmtungur stjórnenda í verslun var sömu skoðunar.

Launavísitalan hækkaði um 0,5% milli mánaða í maí og um 5,1% milli ára. Raunlaun voru 1,4% hærri en á sama tíma árið 2018.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok maí, var nær óbreytt milli mánaða sé litid framhjá árstíðarsveiflu en hækkaði um 5,4% milli ára. Vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, lækkaði um 0,1% milli mánaða í maí að teknu tilliti til árstíðar en hækkaði um 3,9% milli ára. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fækkaði um 10% á fyrstu fimm mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en fjölda kaupsamninga með nýbyggingar fækkaði um 23% á sama tímabili.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,21% milli mánaða í maí. Ársverðbólga mældist 3,6% og jókst um 0,3 prósentur frá síðasta fundi nefndarinnar. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hafði hækkað um 3,1% frá maí í fyrra. Undirliggjandi verðbólga var 3,4% í maí miðað við miðgildi ólíkra mælikvarða og jókst einnig milli funda. Lækkun flugfargjalda hafði mest áhrif á þróun

vísítölunnar í maí og voru áhrifin svipuð og í maí undanfarin tvö ár. Hækkun eldsneytis- og matvöruverðs hafði einnig nokkur áhrif.

Samkvæmt sumarkönnunum Gallup mælast verðbólguvæntingar heimila til eins árs 4% og eru óbreyttar frá vorkönnuninni og 0,6 prósentum hærri en fyrir ári. Verðbólguvæntingar stjórnenda fyrirtækja til eins árs lækka hins vegar frá síðustu könnun og mælast 3% eins og í sumarkönnuninni í fyrra. Langtíma verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja lækka um 0,5 prósentur milli kannana í 3-3,5%. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til fimm og tíu ára var 2,7-2,9% rétt fyrir fund nefndarinnar og hafði lækkað um u.p.b. 0,2 prósentur frá maífundí nefndarinnar. Álagið til tíu ára hefur verið að meðaltali 2,8% það sem af er öðrum ársfjórðungi sem er 0,5 prósentum lægra en á öðrum ársfjórðungi í fyrra.

## II Vaxtaákvörðunin

Nefndin fjallaði um stjórntæki peningastefnunnar og viðskipti Seðlabankans en vinnuhópur innan bankans hefur haft til skoðunar hvort endurskoða þyrfti stjórntæki bankans út frá skilvirkni og hagkvæmni. Nefndin ræddi einnig lausafjárstöðu lánastofnana og inngrípastefnu bankans en lítið hefur verið um inngríp undanfarna mánuði og hluti þeirra verið vegna útflæðis aflandskróna.

Nefndarmenn ræddu taumhald peningastefnunnar í ljósi nýjustu upplýsinga um framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans höfðu hækkað um 0,1 prósentu frá maífundí nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en á fundinum í maí hafði nefndin ákveðið að lækka vexti m.a. í ljósi þess mikla viðsnúnings sem væri að verða í þjóðarbúinu auk þess sem verðbólguhorfur hefðu batnað og langtíma verðbólguvæntingar lækkað. Einnig hefði óvissa um verðbólguhorfur minnkað í kjölfar þess að kjarasamningar voru samþykktir á almennum vinnumarkaði.

Nefndarmenn ræddu nýlega birtar bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga en voru sammála um að nýjustu upplýsingar um þróun efnahagsmála breyttu ekki því mati á efnahagshorfum sem lá fyrir á síðasta fundi nefndarinnar. Nefndin veitti því athygli að hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi væri í takt við maíspá Seðlabankans. Þá gætu kröftugri einkaneysla á fyrsta fjórðungi og leiðandi vísbindingar fyrir annan ársfjórðung bent til þess að undirliggjandi þróttur innlendar eftirspurnar hefði verið meiri en talið var. Hins vegar kom fram að heildarvelta erlendra greiðslukorta hefði dregist saman milli ára í apríl og maí í erlendum gjaldmiðlum þótt velta á hvern ferðamann hefði aukist nokkuð. Það ásamt nýlegum tölum og spám um fjölda ferðamanna benti til þess að samdráttur í ferðaþjónustu gæti orðið meiri en spáð var í maí. Var nefndin því sammála um að hvað varðaði nærhofur væri meiri vöxtur innlendar eftirspurnar en búist var við að vegast á við meiri áhrif vegna þeirra efnahagsáfalla sem hafa dunið á þjóðarbúinu undanfarið. Að mati nefndarinnar breytir það þó ekki þeim horfum að samdráttur verði í þjóðarbúskapnum sem mun birtast frekar á komandi mánuðum.

Nefndin ræddi verðbólguþróunina en verðbólga hafði enn sem komið var verið í samræmi við síðustu spá Seðlabankans en samkvæmt spánni hefði hún náð hámarki og myndi hjaðna í átt að markmiði þegar liði á árið. Fram kom í umræðunni að frekari lækkun gengis krónunnar gæti þó sett strik í þann reikning. Verðbólguvæntingar höfðu einnig lækkað frá síðasta fundi nefndarinnar en langtíma væntingar út frá verðbólguálagi á skuldabréfamarkaði virtust hins vegar hafa tekið að þokast upp á ný undanfarnar vikur.

Að mati nefndarmanna mun samdráttur í þjóðarbúskapnum reyna á heimili og fyrirtæki en viðnámsþróttur þjóðarbúsins væri umtalsvert meiri nú en áður. Nefndin lagði áherslu á að

svigrúm peningastefnunnar til að mæta efnahagssamdrættinum væri einnig töluvert, sérstaklega ef færí sem horfir og verðbólga og verðbólguvæntingar héldust við verðbólguumarkmið. Þá voru nefndarmenn sammála um að boðuð slökun í aðhaldi ríkisfjármála myndi leggjast á sömu sveif.

Nefndin ræddi þá möguleika að staldra við og halda vöxtum óbreyttum eða lækka vexti um 0,25 prósentur. Helstu rökin fyrir því að hafa óbreytta vexti voru þau að verðbólga og verðbólguvæntingar væru enn yfir markmiði og verðbólguálag á skuldabréfamarkaði virtist tekið að hækka á ný. Þá hafði gengi krónunnar lækkað að undanförnu og enn ætti eftir að ljúka gerð kjarasamninga opinberra starfsmanna. Einnig væri undirliggjandi þróttur innlendar eftirspurnar meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Því gæti verið rétt að staldra við og sjá skýrari merki um hjöðnun verðbólgu og verðbólguvæntinga áður en vextir yrðu lækkaðir frekar.

Helstu rökin fyrir því að lækka vexti voru þau að þótt þróun efnahagsmála hefði í meginatriðum verið í samræmi við það sem búist hefði verið við væru vísbendingar um að samdráttur í þjóðarbúskapnum gæti orðið meiri og varað lengur en talið var í maí. Verðbólguvæntingar höfðu lækkað milli funda nefndarinnar og taumhald peningastefnunnar því aukist á ný. Einnig var bent á að áfram væru horfur á að verðbólga myndi hjaðna í átt að markmiði á þessu ári. Rétt væri því að slaka frekar á taumhaldinu til að mæta efnahagssamdrættinum.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánum, yrðu 3,75%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 3,5%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 4,5% og daglánavextir 5,5%. Már Guðmundsson, Rannveig Sigurðardóttir, Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir greiddu atkvæði með tillöggunni. Þórarinn G. Pétursson greiddi atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og vildi halda vöxtum óbreyttum.

Að mati nefndarmanna myndi peningastefnan á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagsumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

Eftifarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Áslaug Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 28. ágúst 2019.

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Kjarasamningar, peningastefnan og þjóðarbúskapurinn

Ríkissáttasemjari  
17. janúar 2019

Pórarinn G. Pétursson  
Aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands

Pær skoðanir sem hér koma fram þurfa ekki að endurspeglar skoðanir Seðlabanka Íslands eða annarra nefndarmanna peningastefnunefndar



Tölum aðeins um hin efnahagslegu þyngdarlögmál



# Hækkun raunlauna ræðst til lengri tíma af framleiðnivexti


## Hið efnahagslega samhengi

- Raunlaun hækka í takt við framleiðnivöxt til lengdar þótt frávik geti orðið á einstaka árum
- T.d. mikil hækkun raunlauna eftir fjármálakreppuna ...
- ... og mikil hækkun raunlauna 2015-17

## Horfur

- Spáð hægari framleiðnivexti á næstu árum sem mun líklega endurspeglast í hækkun raunlauna

## Raunlaun og framleiðni<sup>1</sup>



1. Laun mæld með launakostnaði samkvæmt framleiðsluuppgjörum þjóðhagsreikninga. Áætlun Seðlabankans fyrir 2017-2018. Raunlaun eru nafnlaun staðvart með visitölu neysluverðs. Framleiðni vinnuafsls mæld sem hlutfall landsframleiðslu og heildarvinnustunda samkvæmt Vinnumarkaðskönnum Hagstofunnar. Brotalínur sýna meðaltöl 2000-2017. Punktar sýna spá Peningamála 2018/4 fyrir 2019-2021.  
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Hækkun launakostnaðar á framleidda einingu og verðlags fylgjast að til lengri tíma


## Hið efnahagslega samhengi

- Til lengdar hækkar verðlag í takt við hækkun launakostnaðar á framleidda einingu
  - Um 5% meðalhækku 2000-17 – tvöfalt meiri en verðbólgeumarkmiðið
- En oft tímabundin frávik eins og strax eftir fjármálakreppuna ...
- ... og mikil hækkun launakostnaðar síðustu ár á sama tíma og verðbólga hefur verið lítil

## Horfur

- Spáð að launakostnaður og verðbólga verði í samræmi við verðbólgeumarkmið

## Launakostnaður og verðbólga<sup>1</sup>



1. Launakostnaður á framleidda einingu er skilgreindur sem hlutfall launakostnaðar og framleiðni vinnuafsls. Brotalínur sýna meðaltöl 2000-2017. Punktar sýna spá Peningamála 2018/4 fyrir 2019-2021.  
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Sveiflur í viðskiptakjörum geta haft áhrif á samband launa og annarra þjóðhagsstærða til skemmri tíma


## Hið efnahagslega samhengi

- Mikil viðskiptakjararýrnun á þátt í að skýra mikla lækkun launakostnaðar strax í kjölfar fjármálakreppunnar
- Mikill viðskiptakjarabati á þátt í að skýra hækkun launakostnaðar undanfarin ár og af hverju hækkunin kom ekki fram í aukinni verðbólgu

## Horfur

- EKKI horfur á viðlíka viðskiptakjarabata á næstu árum og undanfarin ár

## Launakostnaður og viðskiptakjör



1. Launakostnaður á framleidda einingu er skilgreindur sem hlutfall launakostnaðar og framleiðni vinnuafsls. Launakostnaður á framleidda einingu á föstu verði er fengin með því að staðvirða launakostnað með visitölu neysluverðs. Viðskiptakjör eru hlutfallslegt verð út- og innflutnings vörur og þjónustu. Brotalínur sýna meðaltöl 2000-2017. Punktar sýna spá Peningamála 2018/4 fyrir 2019-2021.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Til skemmri tíma ákvarðast launaþróun einnig af stöðu hagsveiflunnar


## Hið efnahagslega samhengi

- Að öðru jöfnu hækka laun hraðar í efnahagsupsveiflu þegar atvinnuleysi er lítið
  - Samningsstaða launþega styrkist og fyrirtæki keppa um vinnuaflid með því að bjóða upp laun
  - Þarf þó ekki að fara saman ef minnkun atvinnuleysis endurspeglar lækkun kerfislægs atvinnuleysis (þ.e. svokallaðs NAIRU)

## Horfur

- Horfur á að atvinnuleysi aukist smám saman og spenna á vinnumarkaði hverfi sem að öðru óbreyttu ætti að hægja á hækkun launa

## Launahækkanir og spenna á vinnumarkaði<sup>1</sup>



1. Atvinnuleysi er samkvæmt Vinnumarkaðskönnum Hagstofunnar. Jafnvægisatvinnuleysi (NAIRU) er metið af Seðlabankanum. Punktar sýna þó launahækkanir og frávika atvinnuleysis frá NAIRU (3 ára meðaltöl). Spá Peningamála 2018/4 fyrir 2019-2020.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



Áhrif launahækkana ráðast einnig af viðbrögðum peningastefnunnar



## Fjórar ólíkar sviðsmyndir af áhrifum launahækkana á þjóðarbúið

### Sviðsmyndir sem byggja á stílfærðu dæmi um launahækkanir

- Laun hækka samtals um 32% 2019-21 (um 10% á ári að meðaltali) eða um liðlega tvöfalt meira en gert er ráð fyrir í *Peningamálum 2018/4*
- Frá 2022 hækka laun eins og í grunnspá *Peningamála 2018/4*

### Mikilvægt að hafa í huga

- Ekki mat á komandi kjarasamningum eða mögulegu „hækkunarsvigrúmi“ – kostnaðarmat frá aðilum vinnumarkaðar liggar ekki fyrir
- Ekki mat á áhrifum launahækkana fyrir einstaka stéttir eða starfshópa
- Engin önnur hagstjórnarviðbrögð en peningastefnu og engir aðrir búhnykkir/skellir sem geta dregið úr eða magnað áhrif
- Ekki gert ráð fyrir annarrar umferðar áhrifum verðbólgu á laun á því 5 ára tímabili sem er sýnt né að launahækkanir grafi undan kjölfestu verðbólguvæntinga til lengdar



## Hvernig hafa launabreytingar áhrif á verðbólgu?

Verðbólga í dag =  $a \times$  (liðin verðbólga) +  $b \times$  (vænt framtíðarverðbólga)

+  $c \times$  (framleiðsluspenna) +  $d \times$  (hækjun innflutningsverðlags)



## Hvernig hafa launabreytingar áhrif á verðbólgu? Áhrif á tekjur og eftirspurn

Verðbólga í dag =  $a \times$  (liðin verðbólga) +  $b \times$  (vænt framtíðarverðbólga)

+  $c \times$  (framleiðsluspenna) +  $d \times$  (hækjun innflutningsverðlags)

Hækjun launa eykur  
verðbólgu með því að  
hækka  
ráðstöfunartekjur og  
auka eftirspurn

# Hvernig hafa launabreytingar áhrif á verðbólgu?

## Áhrif á gengi krónunnar



Verðbólga í dag =  $a \times (\text{liðin verðbólga}) + b \times (\text{vænt framtíðarverðbólga})$

$$+ c \times (\text{framleiðsluspenna}) + d \times (\text{hækkun innflutningsverðlags})$$

Hækkun launa eykur verðbólgu með því að auka þrýsting til lækkunar á gengi ISK

# Hvernig hafa launabreytingar áhrif á verðbólgu?

## Áhrif á verðbólguvæntingar




Verðbólga í dag =  $a \times (\text{liðin verðbólga}) + b \times (\text{vænt framtíðarverðbólga})$


$$+ c \times (\text{framleiðsluspenna}) + d \times (\text{hækkun innflutningsverðlags})$$

Hækkun launa eykur verðbólgu ef hún veikir kjölfestu verðbólguvæntinga

## Hvernig hafa launabreytingar áhrif á verðbólgu? Í raunveruleikanum koma áhrifin í gegnum alla þessa þætti




## Þótt vaxta- og launagreiðslur séu kostnaður fyrirtækja eru áhrif þeirra á verðbólgu gjörólík



# Áhrif launahækkana á þjóðarbúið ef peningastefnan bregst ekki við í 5 ár


Fráviksdæmi: Áhrif launahækkana miðað við mismunandi viðbrögð peningastefnu



Heimild: Seðlabanki Íslands.

# Áhrif launahækkana á þjóðarbúið ef peningastefnan bregst ekki við í 3 ár


Fráviksdæmi: Áhrif launahækkana miðað við mismunandi viðbrögð peningastefnu



Heimild: Seðlabanki Íslands.

# Áhrif launahækkana á þjóðarbúið ef peningastefnan bregst við í takt við hefðbundna peningastefnureglu


Fráviksdæmi: Áhrif launahækkana miðað við mismunandi viðbrögð peningastefnu



Heimild: Seðlabanki Íslands.

# Áhrif launahækkana á þjóðarbúið ef peningastefnan bregst enn harðar við


Fráviksdæmi: Áhrif launahækkana miðað við mismunandi viðbrögð peningastefnu



Heimild: Seðlabanki Íslands.

# Viðbrögð peningastefnunnar við launahækkunum skipta því sköpum fyrir áhrif þeirra á þjóðarbúið

Fráviksdæmi: Áhrif launahækkana miðað við mismunandi viðbrögð peningastefnu




Heimild: Seðlabanki Íslands.

# Viðbrögð peningastefnunnar við síðustu tveimur kjarasamningum

## Meginvextir Seðlabankans og langtíma verðbólguvæntingar<sup>1</sup>

1. ársfj. 2010 - 4. ársfj. 2018



1. Verðbólguvæntingar metnar með verðbólguálagi á skuldabréfamarkaði.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

# Losun fjármagnshafta á aflandskrónueigendur og lækkun sérstakrar bindiskyldu á fjármagnsinnstreymi

Lög nr. 14/2019, um breytingu á lögum um nr. 87/1992, um gjaldeyrismál og lögum nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, hafa verið birt í *Stjórnartíðindum* 4. mars 2019, sbr. [tilkynningu á vef Stjórnartíðinda](#). Breytingarnar sem lögin fela í sér voru kynnt með [fréttatilkynningu á vef Seðlabankans hinn 7. desember 2018](#), þegar frumvarpið var lagt fram. Lögin taka gildi á morgun, 5. mars 2019.

## *Breytingar á reglum*

Vegna breytinga á lögum um gjaldeyrismál og lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum áformar Seðlabankinn að setja nýjar reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstremmis erlends gjaldeyris og reglur um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum. Reglurnar fela í sér nýmæli og nauðsynlegar breytingar vegna framangreindra breytingarlaga. Þá munu nýjar reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstremmis erlends gjaldeyris jafnframt fela í sér lækkun á bindingarhlutfalli frá eldri reglum úr 20% í 0%. Gert er ráð fyrir, að fengnu samþykki ráðherra, að reglurnar verði gefnar út á morgun, 5. mars 2019, og muni taka gildi daginn eftir, 6. mars 2019.

## *Lækkun á bindingarhlutfalli úr 20% í 0%*

Fyrirhuguð lækkun á bindingarhlutfalli markar kaflaskil í beitingu hinnar sérstöku bindiskyldu á fjármagnsinnstreymi á skuldabréfamarkað og í hávaxtainnstæður sem var sett á í júní 2016. Markmið hennar er að tempra og hafa áhrif á samsetningu innstremmis erlends fjármagns á innlenden skuldabréfamarkað og hávaxtainnstæður og að styrkja miðlunarferli peningastefnunnar. Bindingarhlutfallið var lækkað úr 40% í 20% í byrjun nóvember 2018. Nú hafa myndast aðstæður til að lækka bindingarhlutfallið niður í 0% þar sem líkur á umtalsverðu innflæði sem leiddi til ofriss krónunnar og alvarlegrar truflunar í miðlunarferli peningastefnunnar hafa minnkað mikið, a.m.k. um sinn. Nú eru fjármagnsstraumar til og frá landinu í betra jafnvægi en var þegar hin sérstaka bindiskylda var upphaflega sett á. Að undanförnu hefur verið útflæði á erlendum nýfjárfestingum í skuldabréfum.

Rétt er að vekja athygli á því að framangreindar breytingar munu leiða til þess að fjármunir sem bundnir hafa verið á bindingarrekningum verða því lausir til ráðstöfunar, á sama hátt og þegar bindingarhlutfall var lækkað úr 40% í 20% í nóvember sl. Athygli er vakin á því að verði bindingarhlutfall hækkað í framtíðinni eru hin nýsamþykktu lög afdráttarlaus um að bindingarfjárhæð haldist óbreytt út bindingartímann. Nýtt fyrirkomulag hinnar sérstöku bindiskyldu mun þó gera aðilum kleift að losa um bindinguna með viðskiptum á markaði.

*Leifar fjármagnshafta*

Með framangreindum breytingum á lögum um gjaldeyrismál og lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum er sérstakur aflandskrónumarkaður ekki lengur til staðar og þau fjármagnshöft sem innleidd voru í nóvember 2008 hafa nú nánast að öllu leyti verið losuð. Eftir standa takmarkanir sem hafa það að meginmarkmiði að hin sérstaka bindiskylda á fjármagnsinnstreymi nái tilgangi sínum, þar á meðal takmarkanir á afleiðuviðskiptum í öðrum tilgangi en til áhættuvarna. Þær takmarkanir verða skoðaðar í tengslum við heildarendurskoðun laga um gjaldeyrismál. Samhliða þarf að skoða varanlegt fyrirkomulag hinnar sérstöku bindiskyldu.

Nánari upplýsingar veitir Már Guðmundsson seðlabankastjóri í síma 569 9600.

Frétt nr. 6/2019  
4. mars 2019

## Nýjar reglur um bindingu reiðufjár og meðferð krónueigna

Reglur nr. 223/2019, um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris, og reglur nr. 224/2019, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, hafa verið birtar í Stjórnartíðindum, í dag, 5. mars 2019, sbr. samanber tvær tilkynningar á vef Stjórnartíðinda, **hér** og **hér**.

Tilefni reglnanna og þær breytingar sem þær hafa í för með sér voru kynntar með fréttatilkynningu á vef Seðlabankans 4. mars 2019. Reglurnar taka gildi á morgun, 6. mars 2019.

Nýjar reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris fela meðal annars í sér lækkun á bindingarhlutfalli frá eldri reglum úr 20% í 0%, frá og með 6. mars 2019.

# Breytingar á reglum um gjaldeyrismál – Losun takmarkana á fjármagnshreyfingar milli landa vegna lækkunar á bindingarhlutfalli

Á vef Seðlabanka Íslands voru í dag birtar reglur um breytingu á reglum nr. 200/2017, um gjaldeyrismál, sem miða að því að losa takmarkanir á tilteknum viðskiptum í ljósi nýlegra breytinga á sérstakri bindiskyldu. Reglurnar voru einnig birtar í Stjórnartíðindum í dag og taka gildi á morgun, 3. apríl 2019. Reglurnar má sjá hér: [Reglur um breytingu á reglum nr. 200/2017 um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.](#)

Með reglum nr. 200/2017, sem tóku gildi 14. mars 2017, voru takmarkanir á fjármagnshreyfingum á milli landa í innlendum og erlendum gjaldeyri og gjaldeyrisviðskiptum að mestu leyti felldar niður. Frá þeim tíma hafa heimili og fyrirtæki því almennt ekki verið bundin af takmörkunum sem lög um gjaldeyrismál kveða á um, meðal annars á gjaldeyrisviðskiptum, fjárfestingum erlendis, áhættuvörnum og lánnaviðskiptum, auk þess sem skilaskylda innlendra aðila á erlendum gjaldeyri var afnumin. Áfram hafa þó verið til staðar takmarkanir á tilteknum viðskiptum er miða að því að draga úr líkum á vaxtamunariðskiptum sem tengjast fjárfestingum sem ekki eru háðar sérstakri bindiskyldu á fjármagnsinnstremi (fjárstremistækið) samkvæmt reglum um bindingu reiðufjár vegna nýs innstremmis erlends gjaldeyris. Um er að ræða takmarkanir á:

- útflutningi á verðbréfum útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem sambærileg eru þeim sem háð eru sérstakri bindiskyldu, ef fjárfesting í þeim hefur ekki fallið undir bindingargrunn skv. reglum um bindingu reiðufjár vegna nýs innstremmis erlends gjaldeyris;
- fjármagnshreyfingum á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna tiltekinna ráðstafana, annarra en þeirra sem mynda bindingargrunn, þegar greiðsla fer fram beint eða óbeint með úttekt af reikningi í eigu erlends fjármálfyrirtækis (vostro-reikningi), en með tilteknum ráðstöfunum er átt við fjárfestingarkosti sem eru sambærilegir þeim sem háðir eru sérstakri bindiskyldu, og
- lánveitingum innlendra aðila til erlendra aðila í innlendum og erlendum gjaldeyri, og endurgreiðslum lána milli þeirra aðila, sem ráðstafað er í fjárfestingarkosti sem sambærilegir eru þeim sem háðir eru sérstakri bindiskyldu.

Með nýjum reglum nr. 223/2019, um bindingu reiðufjár vegna nýs innstremmis erlends gjaldeyris, sem tóku gildi 6. mars sl., var bindingarhlutfallið fært niður í 0%. Eru því forsendur til að losa framangreindar takmarkanir sem hafa það markmið að tryggja virkni sérstakrar bindiskyldu á fjármagnsinnstremi.

Áfram verða þó til staðar takmarkanir á i) fjármagnshreyfingum á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna viðskipta með aflandskrónueignir, sem háðar eru sérstökum takmörkunum samkvæmt lögum nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, ii) gjaldeyrisviðskiptum milli innlendra og erlendra aðila, sem ekki fara fram með milligöngu fjármálfyrirtækis, þegar innlendur gjaldeyrir er

hluti af viðskiptunum, iii) afleiðuviðskiptum, þar sem innlendur gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, í öðrum tilgangi en til áhættuvarna eða vegna áhættuvarna í tengslum við útgáfu í íslenskum krónum erlendis, stundum nefnd jöklabréf.

## Breytingar á reglum um veðhæf bréf

Seðlabanki Íslands hefur gefið út reglur um breytingu á reglum nr. 553/2009 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands. Tilgangurinn er meðal annars sá að fjölda möguleikum fjármálafyrirtækja að leggja fram tryggingarhæfar eignir vegna viðskipta við Seðlabankann. Í þessu felst aðallega breyting á 11. gr. reglna 553/2009 sem kveður á um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir í viðskiptum við Seðlabankann, með því að sértryggð skuldabréf verða nú hæf til tryggingar.

Sértryggð skuldabréf (e. covered bonds) verða hæf til tryggingar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Um er að ræða skuldabréf sem eru tryggð með eignum, í þessu tilfelli húsnæðislánum einstaklinga í íslenskum krónum. Um útgáfur sértryggðra skuldabréfa hér á landi gilda lög nr. 11/2008 og reglur sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu. Í þeim er meðal annars kveðið á um eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og að virði undirliggjandi veða rýrni ekki.

Seðlabankinn setur þau skilyrði að skuldabréfin hafi viðskiptavakt og að 5 ma.kr. að minnsta kosti hafi selst af útistandandi flokkum að markaðsvirði. Þess má geta að erlendir seðlabankar sem Seðlabanki Íslands ber sig saman við, svo sem þeir norrænu, heimila sértryggð skuldabréf í viðskiptum við mótaðila.

Seðlabankinn hefur ekki veitt viðskiptaaðilum sínum lán í reglubundnum markaðsviðskiptum undanfarin ár. Engu að síður er nauðsynlegt að Seðlabankinn gefi til kynna hvaða tryggingar bankinn metur hæfar komi til þess að lánað verði á ný. Veðhæf verðbréf í viðskiptum við Seðlabankann hafa undanfarinn áratug fyrst og fremst verið skuldabréf gefin út af ríkissjóði, með ríkisábyrgð og bundin innlán í Seðlabankanum. Útgáfa verðbréfa ríkissjóðs hefur dregist saman á undanförnum árum og stórir flokkar líkt og íbúðabréf eru að miklu leyti í eigu sjóða. Stóru viðskiptabankarnir þrír hafa gefið út sértryggð skuldabréf á síðast liðnum árum og eru nú um 400 ma.kr. útistandandi af þessum skuldabréfum á markaði.

Önnur breyting sem gerð var á reglunum er sú að ekki er lengur hægt að nota eiginfjárloforð eða eiginfjárframlög sem tryggingu í viðskiptum við Seðlabanka Íslands.

Nr. 11/2019  
27. maí 2019

# Post-Crisis Recovery, Resilience Building and Policy Reforms in Iceland

Government Borrowers Forum 2019



Már Guðmundsson, Governor

Harpa, 5 June 2019

## The autumn of 2008

- Iceland's three internationally active banks failed in the first week of October 2008 (almost 10 times GDP and 90% of the banking sector)
- Combined, this was the 3<sup>rd</sup> biggest corporate failure in the history of mankind
- At that point, Iceland was already in a currency crisis and on its way into recession after an unsustainable boom during 2005-2007
- Icelandic private sector was heavily indebted and there were big currency mismatches in domestic balance sheets
- Net international investment position was -130% of GDP
- Many expected a very deep recession and even that the sovereign might default on its obligations

## Two separate but interrelated stories

- Iceland's boom-bust cycle and problems with macroeconomic management in small, open, and financially integrated economies.
- The rise and fall of three cross-border banks operating on the basis of EU legislation (the European "passport").

## The immediate policy response

- Failing banks placed in resolution regimes and domestic banks carved out (1.7 times GDP)
- Focus on keeping payment intermediation working – deposit preference introduced
- IMF programme (USD 5.1 with bilateral loans) and three key goals: exchange rate stability, fiscal sustainability, and financial sector reconstruction
- Comprehensive capital controls were a key element in the programme:
  - Stabilise the exchange rate
  - Space to clean up balance sheets
  - Space for domestic economic policies

## Where are we now?

### Where are we now?




- National income per capita 12% higher in 2018 than in 2007; we rank higher relative to other countries than before the crisis
- Above full employment for the past three years
- Inflation close to target for about five years
- Fiscal position strong
- Private sector debt has fallen steeply and is low in historical context

## Where are we now? 2

- External assets exceed external liabilities by 21% of GDP
- Strong, domestic-oriented banking system
- The capital controls have been lifted without derailing economic and financial stability, without tapping the Central Bank's FX reserves excessively, and without discernible legal repercussions from the measures taken to lift the controls
- Overall we have built strong resilience and can face temporary setbacks

## Big improvement public sector finances


Treasury balance and public sector debt position 2009 and 2018




Sources: Ministry of Finance and Economic Affairs, Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

## Banking system now focuses mainly on domestic households and businesses and is much more resilient than before

Bank balance sheets 2007 and 2018




Deposit institutions: capital, leverage and default ratios<sup>1</sup>




1. Domestic systemically important banks, consolidated figures. Average of ratios. 2. Capital base as % of risk-weighted assets. 3. IFRS Tier 1 leverage ratio. 4. Loans in default; i.e., loans past due by over 90 days (facility level).  
Sources: Deposit institutions' financial statements. Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

## A major change in the external position


Current account<sup>1</sup>




Net international investment position<sup>2</sup>



Central Bank foreign reserves<sup>3</sup>




Deviation of real exchange rate from equilibrium<sup>4</sup>



1. Current account as % of GDP. 2. Net foreign position as % of GDP. 3. Foreign reserves as % of GDP. 4. Deviation of the real exchange rate from the estimated equilibrium real exchange rate.  
Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

# Sharp drop in private sector debt and foreign currency-denominated debt




1. Total debt of households as % of GDP. 2. Total debt of businesses (debt and issued bonds) as % of GDP. Businesses excluding financial services firms (including holding companies). 3. Gross public debt as % of GDP. 4. Foreign denominated debt or debt linked to foreign currencies as % of GDP. Businesses excluding financial services firms (including holding companies). Figures for 2008 are September figures for households and businesses but August figures for the government.


Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

## How did we get here?

## Real depreciation and upward shift in savings propensity created a dramatic turnaround in the current account




### Investment, saving and current account balance 2004-2018<sup>1</sup>



1. Current account balance and national saving based on estimated underlying current account balance in 2008-2015.  
Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

## Deep post-crisis contraction but full recovery with strong growth in export sectors


### GDP growth, unemployment and real export revenue 2004-2018



Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

Inflation peaked in 2009 but declined steadily after the exchange rate stabilised. Monetary policy succeeded in keeping inflation close to target in recent years.

Inflation and policy rate Q1/2004-Q1/2019 and latest



Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.

## What explains the success?

# What explains the success?




- The nature of the shocks:
  - Bank losses shared across borders
  - Downsizing of unsustainable sectors and unwinding of imbalances
- The policy response:
  - Dealing with failed banks
  - Programme with the IMF
  - Solution to the balance of payments crisis and lifting capital controls
  - Policy reforms and good MP and FP compared to the past
- Real economic integration with trading partners – cross-border labour mobility
- Luck:
  - Growth of tourism
  - Big improvements in the terms of trade 2015-2017



Preserving stability in small, open and financially integrated economies (SOFIES)

# The capital flow problem in Iceland



1. Capital flows excluding change in reserves. Gross capital flows is the average of gross capital inflows and outflows. Current account excluding the effect of failed financial institutions 2008-2015 and the pharmaceuticals company Actavis 2009-2012 on primary income. Also adjusted for the failed financial institutions' financial intermediation services indirectly measured (FISIM). Real exchange rate relative consumer prices (20-year average, 1998-2017). Sources: Statistics Iceland, Central Bank of Iceland.



## Policy reforms in Iceland related to the SOFIE problem

- More active use of FX interventions – managed float instead of free float
- Tighter regulation of FX-risk:
  - LCR and NSFR in FX for banks
  - CB given powers to restrict FX lending to unhedged borrowers
- Macropru framework (FSC) and development and activation of “orthodox” macropru tools (e.g. countercyclical capital buffers and LTV)
- Capital flow management (CFM): special non-renumerated reserve requirement on capital inflows into the bond market and high yielding deposits. Originally (June 2016) 40% for a year – has now been taken to zero.

## Some of the key lessons learned

### Some lessons



- It is not safe to let the whole banking system go under but banks can be too big to save. Preserve access to deposits and save the payment system
- Capital controls can be helpful under certain conditions
- The exchange rate can both be a shock amplifier and a shock absorber. There are policies that can help in this regard
- It is becoming more difficult to preserve monetary and financial stability in SOFIES
- It requires sound regulation and supervision of FX risk and more policy tools: FX intervention, macropru and sometimes CFM

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

Tíu árum seinna: hvar stöndum við?



Rótaryklúbbur Reykjavíkur 26. júní 2019

Már Guðmundsson  
Seðlabankastjóri

## Staðan fyrir 10 árum



- Í miðjum mesta efnahagssamdrætti frá fyrri heimstyrjöldinni
- Landsframleiðsla dróst saman um 13% og náði botni á fyrsta ársfjórðungi 2010
- Atvinnuleysi var á uppleið og náði hámarki yfir 8% á fjórða ársfjórðungi 2010
- Verðbólga var 19% í janúar 2009 – 12% um mitt ár
- Stýrivextir 18% í janúar 2009 – 12% um mitt ár
- 10% halli á ríki og sveitarfélögum 2009
- Erlendar skuldir umfram eignir þjóðarbúsins 130%

## Staðan fyrir 10 árum - 2



- Gjaldeyrisforðinn var allur fenginn að láni erlendis
- Við vorum að forminu til með altæk fjármagnshöft en þau voru ekki að virka eins og stefnt var að
- Aflandskrónur 40% og vandinn í búnum óþekktur
- Öll þrjú meginmarkmið áætlunar með AGS voru í óvissu eða uppnámi (gengisstöðugleiki, sjálfbær ríkisfjármál og endurreisin fjármálakerfisins)

## Hvar erum við nú?




- Þjóðartekjur á mann 2018 12% hærri en árið 2007 og við stöndum framar meðal þjóða en fyrir kreppu
- Kaupmáttur launa 24% hærri
- Full atvinna og gott betur þrjú sl. ár
- Verðbólga var nálægt markmiði í um fimm ár – nú 3,3%
- Hið opinbera stendur sterkt
- Skuldir einkageirans hafa stórminnkað og eru litlar í sögulegu samhengi
- Vextir lágir í sögulegu samhengi: meginvextir Seðlabankans 3,75% og vextir 10 ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa undir 4%

## Hvar erum við nú? 2

- Gjaldeyrisforði sem nemur um fjórðungi af landsframleiðslu er nær allur fjármagnaður innanlands
- Þjóðin á eignir umfram skuldir erlendis sem nema 21% af landsframleiðslu
- Sterkt heimamiðað bankakerfi
- Fjármagnshöftin hafa verið losuð án efnahagslegs og fjármálalegs stöðugleika, án þess að nýta um of gjaldeyrisforða Seðlabankans og án teljandi lagalegra eftirmála vegna þeirra aðgerða sem gripið var til í því skyni að losa höftin

Ísland stendur nú enn framar á meðal þjóða þegar kemur að þjóðartekjum á mann en það gerði fyrir fjármálakreppu


Þjóðartekjur á mann 2007, 2010 og 2017



Heimildir: Thomson Reuters, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Staða hins opinbera var þröng í kjölfar fjármálakreppunnar en hefur stórbatnað


Afkoma og skuldir hins opinbera 2009 og 2018



*Heimildir:* Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands, Lánamál ríkisins, Seðlabanki Íslands.

## Skuldir einkageirans eru litlar í sögulegu samhengi

Skuldir heimila, fyrirtækja og hins opinbera 2009 og 2018<sup>1</sup>




1. Skuldir við fjármálfyrirtæki og útgefin markaðsskuldbréf. 2. Án fjármálfyrirtækja (þar með talið eignarhaldsfélaga).


*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## Bankakerfið þjónustar nú fyrst og fremst innlend heimili og fyrirtæki og er viðnámsþróttur þess mun meiri nú en áður var

Eignir innlásstofnana 2007 og 2018



Innlásstofnanir: eiginfjár- og vogunarhlutföll og vanskil<sup>1</sup>



1. Samstæður kerfislega mikilvægra banka. 2. Eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni. 3. Skv. IFRS-stöðlum.

4. Útlán sem ekki hefur verið greitt af í 90 daga eða lengur (lánaðferð).


Heimildir: Ársreikningar innlásstofnana, Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

## Hvernig komumst við þetta?


# Lækkun raungengis og aukinn þjóðhagslegur sparnaður leiddu til viðsnúnings á viðskiptajöfnuði

## Raungengi

1. ársfj. 2004 - 4. ársfj. 2019




## Viðskiptajöfnuður, fjárfesting og þjóðhagslegur sparnaður 2004-2018<sup>1</sup>



1. Tölur um viðskiptajöfnuð og þjóðhagslegan sparnað byggjast á mati á undirliggjandi viðskiptajöfnuði 2008-2015.  
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

# Djúp efnahagslægð í kjölfar fjármálakreppu en fullur bati með vexti útflutningsgreina


## Hagvöxtur, atvinnuleysi og kaupmáttur útflutningstekna 2004-2018



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## Verðbólga náði hámarki 2009 í kjölfar gengisfalls en minnkaði samfellt þar til hún fór í markmið undir lok árs 2010

Verðbólga 1. ársfj. 2004 - 4. ársfj. 2018




Heimild: Hagstofa Íslands.




Mikill viðnámsþróttur til að takast á við erfiðari tíma

# Algjör umsnúningur í ytri stöðu þjóðarbúsins



1. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF. 2. Hrein erlend staða þjóðarbúsins sem % af VLF. 3. Gjaldeyrisforði sem % af VLF. 4. Frávik raungengis frá metnu jafnvægisraungengi.  
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## Mikil lækkun skulda einkageirans og skulda í erlendri mynt



1. Heildarskuldir heimila sem % af VLF. 2. Heildarskuldir fyrirtækja (skuldir og útgefin markaðsskuldbréf) sem % af VLF. Fyrirtæki án fjármálfyrirtækja (þ.m.t. eignarhaldsfélaga). 3. Skuldir í erlendum gjaldmiðlum eða tengdar erlendum gjaldmiðlum sem % af VLF. Atvinnufyrirtæki án fjármálfyrirtækja (þ.m.t. eignarhaldsfélaga). Tölur fyrir 2008 eru fyrir september hjá heimilum og fyrirtækjum en fyrir ágúst hjá hinu opinbera.  
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## Svigrúm hagstjórnar



- Peningastefna: verðbólguvæntingar nálægt markmiði og gengi nálægt jafnvægisgengi => ekki þarf að nota vexti til að hamla gengislækkun og hægt að milda samdrátt
- Ríkisfjármál: afgangur og skuldalækkun undanfarinna ára skapa svigrúm
- => hagstjórn nær kennslubókinni

## Hvað skýrir þennan árangur?



1. Eðli áfallanna: ofþandar greinar og misvægi í þjóðarbúskapnum – aðlögun var óhjákvæmileg – tjónið af falli bankanna dreifðist víða um lönd
2. Aðgerðir þegar bankarnir fóllu – neyðarlögin
3. Efnahagsáætlunin með AGS og hagstjórn í framhaldinu
4. Hvernig til tókst með losun fjármagnshafta
5. Samþætting þjóðarbúsins við viðskiptalönd (t.d. hreyfanlegt vinnuafli) – EES
6. Heppni

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Tíu árum seinna: hvar stöndum við?





27. mars 2001

## Yfirlýsing um verðbólgyrmarkmið og breytta gengisstefnu

Í dag undirrituðu forsætisráðherra og bankastjórn Seðlabanka Íslands yfirlýsingu um breytingar á fyrirkomulagi stjórnar peningamála á Íslandi og er hún svohljóðandi:

Ríkisstjórn Íslands og Seðlabanki Íslands hafa ákveðið eftirfarandi breytingar á fyrirkomulagi stjórnar peningamála á Íslandi sem taka gildi 28. mars 2001:

- (1) Meginmarkmið stjórnar peningamála verður stöðugleiki í verðlagsmálum, eins og hann er skilgreindur hér að neðan. Seðlabankanum ber þó einnig að stuðla að fjármálalegum stöðugleika og framgangi meginmarkmiða efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að svo miklu leyti sem hann telur það ekki ganga gegn meginmarkmiði hans um verðstöðugleika.
- (2) Í stað þess að miða peningastefnuna við að halda gengi krónunnar innan vikmarka mun Seðlabankinn hér eftir miða hana við að halda verðbólgu innan ákveðinna marka sem nánar eru tilgreind hér að neðan.
- (3) Með ofangreindri breytingu eru núverandi vikmörk gengis íslensku krónunnar afnumin. Gengið mun þó áfram verða mikilvæg viðmiðun peningastefnunnar.
- (4) Ríkisstjórnin veitir Seðlabankanum fullt svigrúm til að beita stjórntækjum sínum í því skyni að ná verðbólgyrmarkmiði sínu.
- (5) Síðar í þessari viku mun ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands sem felur í sér að lögfestar verða ofangreindar ákvarðanir um stöðugleika í verðlagsmálum sem meginmarkmið peningastefnunnar og um sjálfstæði Seðlabankans til að beita stjórntækjum sínum.
- (6) Verðbólgyrmarkmið Seðlabankans mun miðast við 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs eins og hún er nú reiknuð af Hagstofu Íslands. Þá verður þess farið á leit við Hagstofuna að hún reikni eina eða fleiri vísitörlur sem nota má til að meta undirliggjandi verðlagsþróun, eins og nánar verður samið um á milli Hagstofunnar og Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn mun hafa hliðsjón af slíkum vísitöllum við mat á stöðu verðlagsmála og framkvæmd peningastefnunnar.
- (7) Seðlabankinn mun stefna að því að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkan vísitölu neysluverðs á 12 mánuðum, verði að jafnaði sem næst  $2\frac{1}{2}\%$ .
- (8) Víki verðbólga meira en  $\pm 1\frac{1}{2}\%$  frá settu marki ber bankanum að ná verðbólgu svo fljótt sem auðið er inn fyrir þau mörk að nýju. Jafnframt ber bankanum að senda greinargerð til ríkisstjórnar þar sem fram kemur hver ástæða frávikanna er, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hve langan tíma hann telur það taka að ná verðbólgyrmarkmiðinu að nýju. Greinargerð bankans verður birt opinberlega.

(9) Seðlabankinn skal stefna að því að ná markmiðinu um  $2\frac{1}{2}\%$  verðbólgu eigi síðar en í árslok 2003. Á árinu 2001 skulu efri mörk verðbólgunnar vera  $3\frac{1}{2}\%$  fyrir ofan verðbólgyrmarkmiðið en 2% á árinu 2002. Neðri mörkin verða  $1\frac{1}{2}\%$  neðan við markmiðið á þessum árum og framvegis. Fari verðbólgan út fyrir þessi mörk á árunum 2001 og 2002 kemur til viðbragða í samræmi við 8. tölulið.

(10) Þrátt fyrir afnám vikmarka gengisstefnunnar mun Seðlabankinn grípa inn í þróun gjaldeyrismarkaðar með kaupum og sölu gjaldeyris telji hann það nauðsynlegt til að stuðla að ofangreindum markmiðum um verðbólgu eða ef hann telur að gengissveiflur geti ógnað fjármálalegum stöðugleika.

(11) Seðlabankinn gerir verðbóluspár þar sem spáð er a.m.k. tvö ár fram í tímann. Spárnar skulu birtar í riti bankans *Peningamálum*. Þar skal einnig koma fram mat bankans á helstu óvissuháttum tengdum spánni. Jafnframt mun bankinn gera grein fyrir mati sínu á stöðu og horfum í efnahagsmálum.

**[Breyting samkvæmt samkomulagi forsætisráðherra og bankastjórnar Seðlabanka Íslands 11. nóvember 2005]**

(12) Seðlabankinn mun í ritum sínum gera grein fyrir því hvernig til hefur tekist við að ná verðbólgyrmarkmiði bankans. Jafnframt mun bankastjórn Seðlabanka Íslands gera ráðherra, ríkisstjórn, einstökum ráðherrum og nefndum Alþingis grein fyrir stefnu bankans í peningamálum og mati hans á stöðu og horfum í efnahagsmálum.